

# ttíund

F R É T T A B L A Þ R S K Á G Ú S T 2 0 0 5

**NordiskeTax.net**

Norrænn vefur  
með víðtækar upplýsingar  
um skattlagningu einstaklinga

**Olíugjald og kílómetragjald**

**Árangursmælingar  
í skattkerfum Norðurlanda**

**Álagning einstaklinga 2005**

# SKIPULAG

## Skipulag skattkerfisins



INDRIÐI H.  
ÞORLÁKSSON

Skipulag stofnana ræðst af verkefnum þeirra og markmiðum, ytri starfsskilyrðum svo og þeirri tækni sem notuð er til að sinna verkefnum. Verkefni stofnana skattkerfisins hafa að kjarna til ekki breyst mikið í árunna rás en það er ekki hægt að segja um aðra þætti sem varða skipulag þeirra. Markmið starfseminnar hafa breyst og með aukinni tölvutækni hafa starfsskilyrðin tekið algjörum stakkaskiptum.

Flest meginatriði í stofnanaskipulagi skattsins hafa verið óbreytt í hálfra öld eða lengur. Á það jafnt við um skipan verkefna milli stofnana innan kerfisins og afmörkun þeirra út á við. Á síðasta ári gerðu stofnanir skattkerfisins árangursstjórnunarsamninga. Í kjölfarið fór fram mikil vinna í stefnumörkun embættanna. Í framhaldi þeirrar vinnu má spyrja hvort ekki sé tímabært að taka stofnanaskipulag skattkerfisins til endurmats og endurákvörðunar í ljósi breyttra aðstæðna og möguleika.

Á hinum Norðurlöndunum, einkum í Svíþjóð og í Danmörku, hefur á síðustu 2-3 árum verið unnið að endurnýjun á stofnanaskipulagi skattkerfisins á grundvelli nýrra sjónarmiða og með nýjar skipulagslausnir í huga. Grundvallaratriði þessara nýju sjónarmiða er að hlutverk skattkerfisins skipti meginmáli og skipulag þess eigi að miða við það að verkefni þess verði leyst á sem skilvirkastan hátt. Skipulagið í heild og verkefni einstakra stofnana eigi að ráðast af slíkum sjónarmiðum en ekki af landfræðilegum aðstæðum eða hefðbundinni stofnanaskilgreiningu og stjórnsýslulegri aðgreiningu þeirra.

Nefna má tvennt sem á reynir í þeirri endurskipulagningu sem nú fer fram á Norðurlöndunum og mótast af nýjum viðhorfum. Í fyrsta lagi hvort hefðbundin landfræðileg skipting í skattumdæmi með sérstakri stjórnsýslustofnun sem sinnir öllum eða flestum þáttum skattframkvæmdar innan þess eigi rétt á sér eða hvort ákveða eigi verkefnaskiptingu stofnana skattkerfisins með öðrum hætti. Á Norðurlöndunum skiptir byggingapólitík miklu máli eins og hér á landi og kappsmál er að dreifa starfsemi opinberra stofnana sem mest um landið. Þar hefur sú leið verið mótuð að fella niður landfræðilega afmörkun skattumdæma en líta á skattstjórnsýsluna sem eina heild og ákveða hlutverk einstakra stofnanaeininga á grundvelli hagkvæmrar verkaskiptingar. Dreifðri starfsemi er viðhaldið í stærri og öflugri einingum með því að ákveða staðsetningu stofnananna en verkefni hverrar um sig látin ráðast af þörfum og möguleikum innan heildarskipulagsins.

Í öðru lagi er stefnt að heildstæðu skipulagi skattstjórnsýslunnar með því að taka alla ferla skattlagningar og skattheimtu til endurskoðunar. Fella skipulagið að þeim með hagkvæmni og skilvirkni í huga hvort sem um er að ræða álagningu skatta, eftirlit, skatt-rannsóknir eða innheimtu. Illgerlegt er talið að sinna þessum þáttum með fullnægjandi hætti og með öllu óviðunandi að umdæmaskipting og stofnanamúrar leiði til tvíverknaðar og/eða hindri skilvirkt skipulag og uppbyggingu starfhæfra eininga. Innheimta skatta hefur víða verið skilin frá öðrum verkefnum skattkerfisins á forsendum sem vart eiga við lengur. Með því að fella þennan þátt skattheimtunnar að þeim stofnunum sem fyrir eru er talið að í senn megi hagræða starfsemi, bæta þjónustu og skapa öflugri stofnanir en nú starfa á þessum vettvangi.

Fróðlegt verður að fylgjast með og læra af þeirri þróun sem er á Norðurlöndunum í þessum efnum.

*Indriði H. Þorláksson*



**2** Leiðari  
Indriði H. Þorláksson

**5** NordiskeTax.net  
Hrefna Einarasdóttir  
Jóhannes Jónsson

**8** Olúugjald og kílómetragjald  
Ingibjörg Helga Helgadóttir

**9** Bindandi álit - ekki almenn ráðgjöf

**10** Árangursmælingar í skattkerfum Norðurlanda  
Ásgeir Heimir Guðmundsson

**114** Nicolas Oresme (1320-1382) og hugmyndir manna um peninga  
Jóhannes Hraunfjörð Karlsson

**117** upplýsingatafla

**117** Molar

**118** Örfá orð um stefnu danskra skattyfirvalda við skatteftirlit  
Guðrún Þorleifsdóttir

**220** Álagning einstaklinga 2005  
Páll Kolbeins

**227** Af vettvangi skattaréttar  
Bjarni Amby Lárusson

**330** Skattlagning erlendis  
Guðrún Ásta Sigurðardóttir

## Nordisketax.net



Nýlega var opnaður samnorrænn skatta-vefur þar sem finna má upplýsingar um skattlagningarreglur sem gilda í hverju Norðurlandanna fyrir sig. Jafnframt var sett á laggirnar norræn netskattstofa þar sem senda má inn fyrirspurnir. Allt um þetta á bls. 5.

## Olúugjald og kílómetragjald

Nú hafa löggin um olúugjald tekið gildi og þungaskatturinn heyrir sögunni til eins og eflaust flestum er kunnugt, enda málið mikið verið í umræðunni. Ingibjörg Helga Helgadóttir, lögfræðingur hjá ríkisskattstjóra, hefur tekið saman efni um þetta á bls. 8.




## Nicolas Oresme (1320-1382) og hugmyndir manna um peninga



Í þessari grein fjallar Jóhannes Hraunfjörð Karlsson sagnfræðingur um heimspekinginn Nicolas Oresme og ritgerð hans um uppruna, eðli og rétt breytingar gjaldmiðla. Skemmtileg og fróðleg umfjöllun, sjá bls. 14.

## Álagning gjalda 2005

Svo er það álagningin, hinn árlegi glaðningur landsmanna. Að vanda gerir Páll Kolbeins ítarlega úttekt á niðurstöðunum og gerir samanburð á milli ára. Grein Páls er á bls. 20.



Og svo auðvitað margt fleira .....

# tíund

FRÉTTABLAÐ RSK ÁGÚST 2005

Ríkisskattstjóri |  
Laugavegi 166 | 150 Reykjavík  
sími: 563 1100 | fax: 562 4440  
rsk@rsk.is | www.rsk.is

FRÉTTABLAÐ RSK · 2. TÖLUBLAÐ · 19. ÁRGANGUR · PRENTAÐ Í 1700 EINTÖKUM

ÚTGEFANDI: RSK

ÁBYRGÐARMADUR: INDRÍÐI H. ÞORLÁKSSON

RITSTJÓRI: HREFNA EINARSDÓTTIR

PRÓFÖRK: INGIBJÖRG ERLENDSDÓTTIR

LJÓSMYNDIR: HREFNA EINARSDÓTTIR O.F.L.

HÖNNUN OG UMBROT: ANNA P. GUÐMUNDSDÓTTIR

PRENTUN: PRENTSMÍÐJAN VIÐEY

FJÓLMIÐLUM ER HEIMILT AÐ NOTA EFNI BLAÐSINS, SÉ HEIMILDAR GETIÐ

# Hvað þarf ég að vita um skatta?

**Winnur þú  
í fríum?**

**Hvað er  
frítekjumark?**

**Áttu skattkort?**

**Er til  
barnaskattur?**

**Er skattur  
af bílum?**

**Til hvers  
borgar  
maður  
skatta?**

**Kíktu á [rsk.is](http://rsk.is) og smelltu á**



**Á skólavef [rsk.is](http://rsk.is) eru hagnýtar upplýsingar fyrir skólafólk og aðra unglinga**

## Norrænn vefur með víðtækar upplýsingar um skattlagningu einstaklinga

Nýlega var tekin í notkun vefsíðan NordiskeTax.net sem er afrakstur samstarfs ríkisskattstjóra-embættanna á Norður-löndunum. Aðdragandanum að þessu samstarfi var að nokkru lýst í grein sem birtist í blaðinu í desember 2003, en tilgangurinn með þessu verkefni er að auðvelða fólki, sem flytur á milli Norðurlandanna vegna atvinnu eða náms, að leita sér upplýsinga.

Skattahópurinn sem vann að undirbúningi NordiskeTax.net. Í honum áttu sæti fulltrúar skattyfirvalda frá Norðurlöndunum. Þessi mynd var tekin þegar hópurinn átti fund á Íslandi í maí síðastliðnum, en það var síðasti fundurinn sem haldinn var áður en vefurinn var formlega opnaður.

Ljóst er að mikil þörf er á upplýsingavef af þessu tagi, en könnun við upphaf verkefnisins leiddi í ljós að um 100.000 manns á Norðurlöndunum hafa tekjur frá öðru norrænu landi en búsetulandi sínu. Yfir 2 milljónir manna búa á landsvæðum þar sem hægt er að stunda daglega vinnu í öðru landi en búið er í. Algengt er að menn hafi skap- að sér rétt til eftirlauna í öðru landi en


þeir kjósa að búa í eftir starfslok og mikið er um að námsmenn sæki skóla utan heimalands síns. Þá má geta þess að nýleg könnun sýndi að tæplega átján þúsund Íslendingar eru búsettir í einhverju hinna Norðurlandanna.

### Norrænn skattavefur

NordiskeTax.net er norrænn skattavefur (nordisk skatteportal) og samhliða







Peir sem telja sig þurfa að fá frekari upplýsingar um skattlagningu á Norðurlöndum en hægt er að finna á vefnum geta sent fyrirspurn til vefskattstofu. Fyrirspurnir þurfa að vera almenns eðlis því ekki er gert ráð fyrir að skattlagning á einstaklinga sé skoðuð sérstaklega, heldur einungis kynntar þær almennu reglur sem í gildi eru.

opnun hans tók til starfa vefskattstofa (virtual skattekontor). Vefurinn og skattstofan eru samnorræn verkefni sem unnin voru af ríkisskattstjóraembættum Norðurlandanna.

Upphaf verkefnisins var að ríkisskattstjórar Norðurlanda ákváðu á fundi sínum á árinu 2003 að kanna möguleika á sameiginlegri vefþjónustu.

Á sama tíma ákvað Norðurlandaráð að beita sér fyrir ráðstöfunum til að draga úr hvers konar hindrunum á flutningi fólks milli Norðurlandanna, m.a. á sviði skattamála. Var ríkisskattstjóraembættunum falið að kanna það málefni og leggja fram tillögur. Til að undirbúa tillögurnar voru settir saman nokkrir vinnuhópar frá hverju landi og var ríkis-



Indriði H. Þorláksson ríkisskattstjóri undirritar samstarfssamning um Norrænan skattavef á fundi með ríkisskattstjórum Norðurlandanna í Tavastehus í Finnlandi dagana 14.-16. júní sl.

skattstjóra falið að tilnefna fulltrúa Íslands í skattahópin og voru Hrefna Einarsdóttir hjá ríkisskattstjóra og Guðrún Björg Bragadóttir, skattstjóri á Ísafirði tilnefndar í því skyni.

Tillögur vinnuhópsins voru síðan lagðar fyrir norrænu fjármálaráðherrana, sem á fundi sínum þann 18. maí 2004, ákváðu að ráðist skyldi í verkefnið og það styrkt.

### Víðtækar upplýsingar

NordiskeTax.net inniheldur víðtækar upplýsingar um skattamál í löndunum, einkum þegar um skattalega hagsmuni er að ræða í tveimur löndum samtímis. Vefurinn er einfaldur í uppbyggingu og aðgengilegur. Hann hefur þrjár víddir, þ.e. tungumál, land og efnisflokk, og er hægt að flakka á milli þeirra að vild. Þannig má byrja á því að velja á hvaða máli textinn skal vera, hvaða land upplýsinga er óskað um og síðan efnisflokk. Ef sambærilegra upplýsinga er óskað fyrir annað land, er það land einfaldlega valið.

Allt efni á vefnum er til staðar á öllum norrænu málunum sem og á ensku og ætti því ekki að vera við tungumálaörðugleika að etja í þessu sambandi.

Í byrjun var ákveðið að á vefnum yrðu fjórir meginefnisflokkar sem líklegast þótti að mest myndi reyna á. Þeir eru; vinna í öðru landi, fasteign í öðru landi, lífeyrisþegar og námsmenn. Í hverjum efnisflokki eru tvö sjónarhorn, þ.e. reglur búsetulandsins og reglur hins landsins sem í hlut á. Rétt þótti að takmarka efnissviðin í upphafi, m.a. vegna umfangs vefsins, en hver nýr efnisflokkur hefur í för með sér 60 vefsíður (5 lönd x 6 tungumál x 2 sjónarhorn), sem halda þarf við og uppfæra. Þessu til viðbótar eru svo almennar upplýsingar, t.d. um skattkort, kennitölu, framtöl o.fl.

NordiskeTax.net býður jafnframt upp á fullkomnið fyrirspurnarkerfi þar sem hægt er að senda inn rafrænar fyrirspurnir til skattfyrivalda Norðurlandanna og rúsinan í pylsuendanum er klukka sem sýnir staðartíma í hverju landi fyrir sig.

Stefnt er að því að fjölga efnisflokkum í framtíðinni, svo sem að bæta við umfangllum um virðisaukaskatt.



## Vefskattstofa

Samhliða opnun vefsins var sett á lagginnar vefskattstofa (virtual skattekontor) þar sem hægt er að senda inn fyrirspurnir frá NordiskeTax til skattýfirvalda sé þörf á ítarlegri upplýsingum en finna má á vefsíðunni. Vefskattstofan er sá hluti fyrirspurnarkerfis NordiskeTax sem snýr að fulltrúum skattýfirvalda Norðurlandanna, en í hverju landi fyrir sig eru starfandi fulltrúar sem svara fyrirspurnum. Fyrirspurnirnar þurfa að vera almenns eðlis því ekki er gert ráð fyrir að skattlagning á einstaklinga sé skoðuð sérstaklega heldur kynntar þær almennu reglur sem gilda í hverju tilviki fyrir sig. Vefskattstofan heldur utan um allt ferli fyrirspurna, en oftast eru fyrirspurnir sendar á milli landa til úrlausnar þar sem eðli máls samkvæmt koma a.m.k. tvö lönd að hverri fyrirspurn. Þegar fyrirspurn berst NordiskeTax.net þá fer hún í gagnagrunn vefskattstofunnar og er flokkuð þar eftir tungumáli sem og efnisflokk. Tungumál fyrirspurnarinnar ræður því hvaða land fær hana til afgreiðslu fyrst. Komi í ljós að hún snerti annað land en heimaland fyrirspyrjanda, er hún framsend viðkomandi landi til afgreiðslu. Snerti fyrirspurnin fleiri en eitt land svarar hvert land fyrir sig.

Spurningum um skattlagningu sem tengist atvinnurekstri verður ekki svarað að sinni en spyrjanda verður vísað á viðkomandi skattstofu.

## Ísland sá um tæknilega framkvæmd

Á fundi ríkisskattstjóra Norðurlandanna í júní 2004 voru skipaðir vinnuhópar til að sjá um verkefnið. Svíþjóð tók að sér að leiða verkefnið, en Ísland tók að sér að sjá um tæknilega framkvæmd sem m.a. fól í sér að undirbúa, hanna og prófa tölvukerfi, smíða þau og hýsa. Þrír starfsmenn ríkisskattstjóra skipuðu þennan hóp en það voru þeir Bragi Leifur Hauksson, Haraldur Hansson og Jóhannes Jónsson.

NordiskeTax.net vefurinn var síðan smíðaður af Jóhannesi Jónssyni vefstjóra ríkisskattstjóra og jafnframt var sett upp uppfærslukerfi fyrir ritstjóra vefsins en ritstjóri er í hverju landi fyrir sig. Vefinn er hægt að uppfæra hvar og hvenær sem er, það eina sem þarf er aðgangur að internetinu.

## Góðar viðtökur

Vefurinn hafði ekki verið opin nema í nokkrar mínútur þegar fyrirspurnir fóru að berast og má segja að ekki hafi

Þegar uppsetningu vefsins og tæknilegri vinnu var lokið í maí kom starfshópurinn saman á Íslandi. Þessi mynd var tekin hjá ríkisskattstjóra þegar hópurinn fékk leiðsögn um starfsumhverfi vefskattstofunnar.

staðið á viðbrögðum. Strax á opnardeginum, 20. maí sl., bárust sex fyrirspurnir og frá opnun vefsins til byrjunar ágústmánaðar höfðu borist um 200 fyrirspurnir og búið var að svara rúmlega 90% þeirra. Á þessu tímabili hefur vefurinn verið heimsóttur tæplega 30 þúsund sinnum af um 12 þúsund gestum og eru síðuflettingar um 400 þúsund talsins.

Á það ber þó að líta að mælingar yfir sumarmánuði gefa ekki alveg rétta mynd af umferð um vefinn þar sem sumarið er rólegasta tímabil vefja almennt.

Aðgangur að vefskattstofunni er í gegnum [www.NordiskeTax.net](http://www.NordiskeTax.net).

HE/JJ

# OLÍUGJALD og kílómetragjald



INGIBJÖRG  
HELGA  
HELGADÓTTIR

Þann 1. júlí sl. tóku gildi lög nr. 87/2004, um olíugjald, kílómetragjald o.fl. Frá sama tíma féllu úr gildi lög nr. 3/1987, um fjáröflun til vegagerðar. Ákvæði þeirra laga munu þó gilda um þungaskatt sem greiða á af notkun ökutækja til 1. júlí 2005. Þá mun ákvæði til bráðabirgða I, sbr. lög nr. 59/1994, um endurgreiðslu á ökumælum, gilda til 1. janúar 2006. Umsókn um endurgreiðslu skal beint til ríkisskattstjóra eigi síðar en 1. október 2005,

sbr. reglugerð nr. 397/2005, um endurgreiðslu vegna kaupa á ökumælum.

## Olíugjald

Með upptöku olíugjalds á dísilolíu er tekið upp nýtt skattkerfi í stað núverandi þungaskatts. Olíugjald er í meginatriðum lagt á þá sömu og þungaskatturinn, þ.e. eigendur skráningarskyldra ökutækja sem knúin eru dísilolíu. Olíugjald er í grundvallaratriðum frábrugðið þungaskatti hvað álagningu og inn-

heimtu varðar. Í stað þess að byggja skattlagningu á álestri af ökumælum er öll olía sem nothæf er á ökutæki skattlögð, nema gerð sé sérstök undanþága.

Með olíugjaldi er gjaldtaka af dísilbifreiðum og bensínbifreiðum samræmd. Gjaldtakan breytist frá því að vera gjald á ekna kílómetra yfir í gjald á það eldsneytismagn sem notað er. Gjaldskyldir aðilar verða þeir sem dreifa eldsneytinu en ekki þeir sem aka bifreiðunum. Þeir síðarnefndu bera hins vegar gjaldið





eins og þungaskatt en greiða það jafn-  
óðum við eldsneytiskaup í stað þess að  
greiða tvær til þrjár háar fjárhæðir á ári.  
Fjárhæð oliugjalds er 41 kr. á hvern lítra  
af olíu frá 1. júlí 2005 til 31. desember  
2005. Af oliugjaldi ber að greiða virðis-  
aukaskatt.

Peim sem hafa einkaleyfi til fólks-  
flutninga skv. 1. mgr. 7. gr. laga nr.  
73/2001, um fólksflutninga, vöruflut-  
ninga og efnisflutninga á landi, skulu  
endurgreidd 80% oliugjalds af olíu  
vegna rekstrar almenningsvagna í áætl-  
unarferðum. Peim sem rétt eiga á þess-  
ari endurgreiðslu ber að kaupa ólitaða  
gjaldskylda olíu en gert er ráð fyrir að  
endurgreiðsla þessi verði sambærileg  
afslætti sem þessir aðilar nutu skv. lög-  
um nr. 3/1987, um fjáröflun til vega-  
gerðar. Reglur um endurgreiðsluna er  
að finna í reglugerð nr. 395/2005, um  
endurgreiðslu 80% oliugjalds af olíu  
vegna rekstrar almenningsvagna í áætl-  
unarferðum.

## Lituð olía

Meginreglan er sú, að þeir sem greiddu  
þungaskatt áður greiða oliugjald frá 1.  
júlí 2005. Sala eða afhending á litaðri  
olíu er þó undanþegin gjaldskyldu í eft-  
irfarandi tilvikum skv. 4. gr. laga nr. 87/  
2004, um oliugjald, kílómetragjald o.fl.:

1. Til nota á skip og báta.
2. Til húshitunar og hitunar almenn-  
ingssundlauga.
3. Til nota í iðnaði og á vinnuvélar.
4. Til nota á dráttarvélar í landbúnaði.
5. Til raforkuframleiðslu.
6. Til nota á ökutæki sem ætluð eru til  
sérstakra nota, þó ekki ökutæki að-  
allega hönnuð til flutnings á mönn-  
um eða vörum, og falla undir vörulið  
8705 í viðauka I við tollalög, nr.  
55/1987.
7. Til nota á vörubifreiðar með krana  
yfir 25 tonnmetrum.

Þau ökutæki sem undanþegin eru  
olíugjaldi og fá afhenta litaða olíu eru  
því vinnuvélar og dráttarvélar í land-  
búnaði, ökutæki ætluð til sérstakra

nota skv. vörulið 8705 í viðauka I við  
tollalög og vörubifreiðar með krana yfir  
25 tonnmetrum. Nánari skilgreiningu á  
þessum ökutækjum er að finna í reglu-  
gerð nr. 602/2005, um skilyrði undan-  
þágu frá greiðslu oliugjalds.

## Kílómetragjald

Auk oliugjalds verður innheimt kílómetra-  
gjald vegna aksturs bifreiða og eftir-  
vagna sem eru 10.000 kg eða meira að  
leyfðri heildarþyngd, annarra en bif-  
reiða til fólksflutninga. Gjaldið er ákvarð-  
að sem tiltekin fjárhæð á hvern ekinn  
kílómetra. Um er að ræða gjaldtöku  
sem er sambærileg þeirri sem tíðkast  
hefur í þungaskattskerfinu. Greiðendur  
gjaldsins verða þó helmingi færri en  
greiðendur í núverandi þungaskatts-  
kerfi, gjaldið verður mun lægra en fjár-  
hæð þungaskatts og álestrartímabil verða  
færri en í þungaskattskerfinu. Kíló-  
metragjaldið er óháð orkugjafa og leggst  
því jafnt á bifreiðar sem knúnar eru  
bensíni, dísilolíu eða öðrum orkugjafa.

# Bindandi álit

## ekki almenn ráðgjöf

Í Skattatíðindum KPMG, 4. tbl. ársins 2005 er nokkuð  
sérkennileg umfjöllun um bindandi álit ríkisskattstjóra.  
Réttilega er þess getið að ekki séu veitt bindandi álit  
um skýrar lagareglur þar sem niðurstaða er fyrirfram  
ljós vegna orðalags viðkomandi lagaákvæðis eða að  
fyrir liggja úrskurðir eða dómar sem eru bindandi um  
túlkun þess. Að því er látið liggja að ómálefnalegar  
tilhneigingar gæti hjá embætti ríkisskattstjóra að vísa  
sem flestum beiðnum frá. Hið rétta í því efni er að  
ákvörðun um að gefa bindandi álit eða vísa beiðni frá  
er byggð á málefnalegum sjónarmiðum um það hvort  
beiðnin uppfylli skilyrði laganna eða ekki. Reyndar var  
einungis einu máli vísað frá á árinu 2004 og einu það  
sem af er árinu 2005.

Það dæmi sem tiltekið er í fréttabréfi KPMG er  
lýsandi í því efni. Þar kemur fram að álitsbeiðandi veit  
að ekki er um álitaefni að ræða. Ljóst er því að tilgang-

ur með beiðninni var ekki að fá niðurstöðu um álitaefni  
heldur leiðbeiningar og ráðgjöf um gildandi rétt. Nú er  
það svo að skattyfirvöld, þ.m.t. embætti ríkisskatt-  
stjóra, veita í stórum stíl leiðbeiningar um gildandi rétt  
á sviði skattamála með svörum við fyrirspurnum o.fl. Er  
það gert án þess að um það gildi þær reglur sem eiga  
við um bindandi álit enda er eðli þeirra ólík og réttar-  
áhrifin önnur.

Reglum um bindandi álit er ætlað það hlutverk að  
skera fyrirfram úr um álitamál í skattlagningu í vissum  
tilvikum og að uppfylltum tilteknum skilyrðum. Peim er  
ekki ætlað að vera almenn ráðgjöf um skattamál,  
hvorki til einstakra skattaðila né þeirra sem tekið hafa  
að sér að veita slíka ráðgjöf. Peir sem selja þjónustu á  
þessu sviði verða að vera faglega ábyrgir gagnvart  
viðskiptavinum sínum og veita ráðgjöf á eigin ábyrgð  
og á eigin kostnað.

IHP

# SAMANBURÐUR

## Samanburður



ÁSGEIR HEIMIR  
GUÐMUNDSSON

## á skattkerfum Norðurlanda

Embætti ríkisskattstjóra hefur verið þátttakandi í samstarfsverkefni á vegum ríkisskattstjóraembættanna Norðurlandanna frá því það hófst í lok árs 2002 með þátttöku Danmerkur, Finnlands, Íslands, Noregs og Svíþjóðar. Skipaður var starfshópur með fulltrúum þessara landa og hefur Danmörk stýrt verkefninu. Markmiðið með þessu samstarfsverkefni er að bera saman ýmsa þætti í starfsemi skattkerfa landanna á sambærilegan hátt. Nauðsynlegt var að hanna sérstakt skattkerfislíkan þar sem starfsemi, skipulag og umhverfi skattkerfa landanna er mismunandi. Í Svíþjóð t.d. er stjórnskipun skattamála öll undir sama hatti á meðan sömu verkefnum er dreift á milli embættanna í hinum löndunum. Á Íslandi og í Finnlandi heyrir innheimtan t.a.m.

ekki undir skattyfirvöld.

Megináhersla hefur verið lögð á að skoða hvernig vinnuþing í skattkerfinu, kostnaður við rekstur skattkerfanna og skatttekjurnar skiptast niður á verkþætti annars vegar og skatttegingundir hins vegar. Verkþættirnir sem um ræðir eru álagning, skatteftirlit, innheimta, stoðverkefni og upplýsingatækni. Skatttegingundirnar eru tekjuskattur, eignarskattur, tryggingagjald, erfðafjárskattur, virðisaukaskattur, vörugjöld o.fl.

Starfshópurinn safnar saman ýmsum öðrum samanburðarupplýsingum, s.s. um fjölda innsendra skattframtala og virðisaukaskattsskýrsla, aldurskiptingu starfsmanna og margt fleira.

Gerðar hafa verið betrubætur á skattkerfislíkaninu jafnt og þétt. Mæl-

ingar á vinnuþingi tekur nú mið af raunverulegum vinnutíma þar sem búið er að draga þætti eins og orlof, veikindi og matartíma frá heildar vinnutíma.

Í Danmörku hefur verið tekið upp nýtt tímaskráningarkerfi og endurbætur verið gerðar á tímaskráningarkerfinu í Svíþjóð. Það hefur leitt til nákvæmari sundurliðunar á verkferlum og skiptingu niður á skatttegingundir í þeim löndum.

Þá hefur skýrslan og aðferðafræðin verið þýdd yfir á ensku í fyrsta sinn með það að leiðarljósi að auka notagildi skýrslunnar. Bæði til þess að dreifa upplýsingum til þeirra sem hafa áhuga á henni sem og til þess að undirbúa eða gera mögulegt fyrir önnur lönd sem áhuga hafa á að taka þátt í þessu verkefni.

**Tafla I - Nokkrar lykiltölur úr skattkerfum landanna**

	Danmörk	Finnland	Ísland	Noregur	Svíþjóð
Fólksfjöldi	5.411.405	5.236.100	290.570	4.604.974	9.011.227
Fjöldi skattskyldra einstaklinga	4.665.715	4.747.645	229.665	3.985.954	7.897.617
Hlutfall skattskyldra einstaklinga af fólksfjölda	86,2%	90,7%	79,0%	86,6%	87,6%
Fjöldi rekstraraðila	513.929	547.767	50.859	326.000	1.754.455
Fjöldi fyrirtækja	150.940	417.665	31.779	163.514	515.323
Fjöldi virðisaukaskattsnúmera	422.732	516.791	35.366	316.750	983.031
Virðisaukaskattsmörk (Evrur)	6.730	8.500	2.525	5.975	Engin
Ársverk	9.826	7.416	541	6.700	10.398
Tímaffjöldi	14.053.000	10.950.000	846.000	9.845.000	15.609.000
Tímar sem varið er í VSK	1.865.900	1.253.900	237.300	1.659.500	2.736.800
Tímar sem varið er í einstaklingsframtöl	9.131.800	6.113.100	296.800	3.857.500	5.889.900
Heildarvinnutímaffjöldi / skattgreiðendur	1,96	1,29	1,29	0,97	0,75
Heildarvinnutímaffjöldi / fjölda rekstraraðila	27,34	19,99	16,63	30,20	8,90
Heildarvinnutímaffjöldi / fjölda fyrirtækja	93,10	26,22	26,62	60,21	30,29
Vinnutímaffjöldi í vsk / fjölda vsk-skyldra aðila	4,41	2,43	6,71	5,24	2,78

**Tafla II - Ársverk og kostnaður sundurliðað eftir verkferlum**

Verkferill	Danmörk			Finnland			Ísland			Noregur			Svíþjóð		
	Tímar (í þús)	Tímar (%)	Kostn (%)	Tímar (í þús)	Tímar (%)	Kostn (%)	Tímar (í þús)	Tímar (%)	Kostn (%)	Tímar (í þús)	Tímar (%)	Kostn (%)	Tímar (í þús)	Tímar (%)	Kostn (%)
Álagning	5.100	36,3%	31,7%	3.582	32,7%	24,4%	413	48,8%	33,9%	3.798	38,6%	35,7%	5.698	36,5%	30,7%
Eftirlit	4.744	33,8%	28,8%	3.181	29,1%	22,8%	123	14,5%	10,4%	2.051	20,8%	19,3%	3.623	23,2%	19,5%
Innheimta	1.422	10,1%	8,4%	1.851	16,9%	18,0%	129	15,2%	22,1%	1.244	12,6%	11,3%	1.097	7,0%	5,9%
Stoðverkefni	2.359	16,8%	14,6%	1.926	17,6%	20,5%	141	16,7%	14,0%	2.324	23,6%	22,6%	4.115	26,4%	29,2%
Upplýsingatækni	428	3,0%	16,5%	410	3,7%	14,4%	40	4,7%	19,6%	429	4,4%	11,0%	1.075	6,9%	14,6%
<b>Samtals:</b>	<b>14.053</b>	<b>100%</b>	<b>100%</b>	<b>10.950</b>	<b>100%</b>	<b>100%</b>	<b>846</b>	<b>100%</b>	<b>100%</b>	<b>9.846</b>	<b>100%</b>	<b>100%</b>	<b>15.608</b>	<b>100%</b>	<b>100%</b>

**Helstu niðurstöður**

Á árinu 2005 vann hver þjóð á grundvelli líkansins að upplýsingaöflun og vinnslu vegna ársins 2004 og hafa niðurstöðurnar verið teknar saman í skýrslu. Verður hér gerð grein fyrir helstu niðurstöðum hennar.

Ísland sker sig nokkuð úr þegar skoðað er hlutfall skattskyldra einstaklinga af fólksfjölda í töflu I þar sem það er lágt samanborið við hin löndin. Það skýrist að hluta til af aldursamsetningu þjóðarinnar en hlutfall barna hér á landi er hærra en í hinum löndunum. Þá er töluverður munur milli þjóða hvernig vinnutímanum er varið. Heildarvinnutímafjöldi hér á landi á hvern skattgreiðanda er rétt fyrir ofan meðaltal. Það sama og í Finnlandi, lægra en í Danmörku en hærra en í Svíþjóð og Noregi. Þegar vinnutímafjöldi á fjölda rekstraraðila annars vegar og vinnutímafjöldi á fjölda fyrirtækja hins vegar er skoðaður kemur aftur á móti í ljós að þau hlutföll eru hvað lægst hér á landi. Þessar tölur gefa því vísbendingar um að meðalvinnuframlag á hvern aðila (bæði rekstraraðila og fyrirtæki) sé ívið minna hér en að jafnaði í hinum löndunum. Allt

annað er upp á teningnum þegar vinnutímafjöldi í virðisaukaskatti er skoðaður. Á meðan við verjum 6,71 vinnustund á hvern vsk-skyldan aðila, verja Norðmenn 5,24 stundum, Danir 4,41, Svíar 2,78 en Finnar ekki nema 2,43 stundum.

Þó ársverk séu hlutfallslega samþærileg og jafnvel heldur færri en í nágrannalöndum okkar, miðað við fyrrgreindar forsendur, þá er skipting þeirra á milli verkferla önnur. Í því ljósi er athyglisvert að skoða töflu II er sýnir ársverk og kostnað sundurliðað eftir verkferlum. Í töflunni kemur fram að nær helmingur mannaflans á Íslandi vinnur við álagningu, en frá 32,7% til 38,6% í hinum löndunum. Á sama hátt eru ársverk í eftirliti fá hér á landi eða 14,5%, samanborið við 29,1% í Finnlandi og 33,8% í Danmörku. Ársverk við innheimtu eru töluvert yfir meðaltalinu hér á landi en þó færri en í Finnlandi.

Ársverk í stoðeiningum eru nokkuð undir meðaltali hér en ársverk í upplýsingatækni aðeins yfir meðaltali.

Þegar kostnaður við verkferlana er skoðaður kemur í ljós að þar stendur upplýsingatæknin upp úr. Þó hún taki

aðeins lítinn hluta mannaflans til sín er hún frek á fjármagn, eins og sjá má í töflu II og töflu III (annar kostnaður). Hér á landi vinnur tæplega 5% mannaflans við þennan verkþátt en hlutfall kostnaðar af heildarkostnaði er langtum meiri, eða um 20%. Skýringarnar eru þær að kostnaður við rekstur upplýsingakerfa felst aðallega í aðkeyptri þjónustu en ekki mannafla og vægi þess kostnaðar verður meira eftir því sem stærð skattkerfisins og íbúafjöldi landsins er minni. Hin löndin njóta hagkvæmni stærðarinnar umfram Íslands en þess ber að geta að niðurstaðan yrði allt önnur ef samanburðurinn væri gerður á raunkostnaði við rekstur upplýsingakerfa sem eru að þjóna sama eða svipuðu hlutverki. Kostnaður Svíþjóðar væri nítjánfalt hærri en kostnaðar Íslands ef tölurnar eru bornar saman án lagfæringa sem kunna að vera eðlilegar vegna mismunar á skattkerfum landanna.

Innheimtan héraðs virðist talsvert kostnaðarsamari en í nágrannalöndunum eða 22% af heildarkostnaði á meðan meðaltalið í hinum löndunum er um 11%, frá 5,9% í Svíþjóð upp í 18,0% í Finnlandi.

**Tafla III - Kostnaður á ársverk í evrum**

Kostnaður/land	Danmörk	Finnland	Ísland	Noregur	Svíþjóð
Launakostnaður á ársverk	51.130	36.356	39.920	45.773	44.387
Stuðull (Ísland = 100)	128,1	79,4	100,0	114,7	111,2
Annar kostnaður á ársverk	25.402	15.907	27.525	16.049	19.312
Stuðull (Ísland = 100)	92,3	57,8	100,0	58,3	70,2
Launakostnaður og annar kostnaður á ársverk	76.532	52.263	67.445	61.822	63.699
Stuðull (Ísland = 100)	113,5	77,5	100,0	91,7	94,4
Verðlag (Ísland = 100)	111,3	91,2	100,0	110,5	99,2



## Tafla IV - Ársverk, skatttekjur og kostnaður í prósentum sundurliðað eftir skatttegundum

Skatttegund	Danmörk			Finnland			Ísland			Noregur			Svíþjóð		
	Tímar	Tekjur	Kostn	Tímar	Tekjur	Kostn	Tímar	Tekjur	Kostn	Tímar	Tekjur	Kostn	Tímar	Tekjur	Kostn
Skattur á tekjur og eignir einstaklinga	64,9	54,6	60,5	54,3	40,8	51,7	29,2	44,9	28,3	34,7	36,0	34,1	27,5	33,0	27,0
Skattur á tekjur og hagnað lögaðila	15,1	8,4	16,5	22,2	10,8	24,1	28,7	4,6	27,3	41,6	19,6	41,7	31,9	4,8	30,5
Tryggingagjald				1,4	8,9	1,5	5,8	9,3	5,7				7,9	32,1	7,5
Launaskattur										4,5	12,8	4,5	2,3	2,3	2,3
Skattur á fasteignir og fjármuni	1,8	3,9	4,1	9,4	3,2	9,2	4,9	7,3	5,3	1,8	0,3	1,8	9,5	2,2	10,3
Virðisaukaskattur	13,3	21,5	13,7	11,5	25,8	12,3	28,1	29,3	30,0	16,9	21,1	17,4	17,5	18,7	17,6
Vörugjöld	4,9	11,6	5,2	1,2	10,5	1,2	3,3	4,6	3,4	0,5	10,2	0,5	3,4	6,9	4,8

Eins og sjá má í töflu III er launa-kostnaður á ársverk lægri hér á landi en í nágrannalöndunum. Hafa verður þó í huga við þennan samanburð að verðlag í löndunum fimm er mismunandi eins og vísitala verðlags í töflu III sýnir.

Í töflu IV er yfirlit yfir ársverk, skatttekjur og kostnað við að afla þeirra, sundurliðað eftir skatttegundum.

Rétt er að taka fram að tímar og í einhverjum tilfellum kostnaður er áætlað að hjá þeim löndum þar sem ekki liggja fyrir nægjanlega góðar upplýsingar um skiptingu niður á skatttegundir. Það á m.a. við um Ísland þar sem tímaskráning er almennt ekki til staðar enn sem komið er. Eins og fram hefur komið þá hafa bæði Svíar og Danir þróað sín tímaskráningarkerfi sem skilar þeim nákvæmari sundurliðunum.

Ljóst er að skattur á tekjur og eignir einstaklinga er að skila mestu í þjóðarbúið hjá öllum löndunum. Athyglisvert er reyndar hversu hátt þetta hlutfall er í Danmörku. Þá skilar tryggingagjaldið miklu í Svíþjóð.

Á Íslandi eru nánast jafnmörg ársverk sem liggja að baki skatti á tekjur og eignir einstaklinga, virðisaukaskatti og skatti á tekjur og hagnað fyrirtækja. Kostnaðurinn er einnig mjög svipaður. Þegar kemur að tekjunum breytast hins vegar hlutföllin. Skattur á tekjur og

eignir einstaklinga (ásamt útsvari) skilar um 45% í þjóðarbúið, virðisaukaskattur 29,3%, en skattur á tekjur og hagnað lögaðila aðeins 4,6%. Í Svíþjóð er það sama upp á teningnum, því ársverk í tengslum við skatt á tekjur og hagnað fyrirtækja og kostnaður er rúmlega 30%, en tekjurnar aðeins 4,8%. Þó þessi munur sé mun minni í hinum löndunum þá er hlutfall ársverka og kostnaðar mun hærra en hlutfall þeirra tekna sem skatturinn skilar.

Í töflunni kemur fram að tekjur af virðisaukaskatti eru hlutfallslega meiri hér en í hinum löndunum en á móti kemur að hér á landi er varið meiri tíma og kostnaði við að ná þeim tekjum.

Eins og fram kemur í töflunni þá er sérstakur launaskattur lagður á fyrirtæki í Svíþjóð og í Noregi. Tryggingagjald er ekki lagt á fyrirtæki í Noregi og í Danmörku.

### Niðurlag

Segja má að þetta verkefni sem hrundið var í framkvæmd árið 2002 að frumkvæði ríkisskattstjóra Norðurlandanna hafi vakið mikla athygli hjá stjórnvöldum og leitt til eða haft áhrif á skipulagsbreytingar í löndunum, þó sérstaklega í Danmörku.

Meginmarkmiðið með slíkum sam-  
anburði er að draga fram það sem vel

er gert en þó aðallega það sem betur má fara í skattkerfum/skattframkvæmd landanna.

Það eru vissulega atriði sem fara þarf í saumana á varðandi skattkerfið hér á landi í kjölfar þeirra niðurstaðna sem birtast í hinni nýútkomnu skýrslu. Brýnt er að taka þarf upp almenna tímaskráningu í skattkerfinu. Hún er vissulega til staðar en hún er hvorki samræmd né almenn. Þá þarf að skoða hvernig stendur á því að innbyrðis skipting ársverka milli álagningar, eftirlits og innheimtu er mjög frábrugðin því sem gerist í nágrannalöndum okkar. Hér á landi er álagning og innheimta að jafnaði mun mannfekari en í hinum löndunum en ársverk í eftirliti eru aftur á móti hlutfallslega miklu færri. Vissulega er visst eftirlit hér á landi fólgið í álagningarskoðun. Það skýrir þó varla allan mismuninn og því þarf að finna skýringar á honum.

Þá væri gagnlegt að kanna hvers vegna kostnaður við innheimtuna hér á landi er að jafnaði töluvert hærri en í nágrannalöndunum.

Ýmislegt annað sem fram kemur í skýrslunni er vert að skoða með opnum huga með það að leiðarljósi að bæta skattkerfið og skattframkvæmdina.



Rit ríkisskattstjóra seld á netinu

# Skattalögin



## Tekjuskattur og eignarskattur

Í skattalagasafni tekjuskatts og eignarskatts, er að finna lög, reglugerðir og auglýsingar er varða beina skatta og álagningu opinberra gjalda. Auk laga nr. 90/2003 um tekjuskatt og eignarskatt er þar að finna lög um fjármagnstekjuskatt, staðgreiðslu, lífeyrisréttindi, tryggingagjald, bindandi álit, stjórnsýslulög og fleira.

**Bókin er 303 síður og kostar 2.700 krónur.**



## Virðisaukaskattur, vörugjöld og bifreiðagjöld

Í skattalagasafni virðisaukaskatts, vörugjalda, þungaskatts, bifreiðagjalds o.fl. gjalda, eru auk laga- og stjórnvaldsfyrirmæla birtar upplýsingar um grunnfjárhæðir í virðisaukaskatti.

**Bókin er 235 síður og kostar 2.300 krónur.**



## Bókhald og ársreikningar

Bókin um bókhald og ársreikninga skiptist í sex kafla sem hafa að geyma lög og reglugerðir um bókhald og ársreikninga, ákvæði í sérlögum og ákvæði í skattalögum um bókhald og uppgjör, auk annarra laga sem snerta þetta efni. Einnig reglur reikningsskilaráðs.

**Bókin er 384 síður og kostar 2.800 krónur.**

# NICOLAS Oresme

(1320–1382)



JÓHANNES  
HRAUNFJÖRÐ  
KARLSSON

## og hugmyndir manna um peninga

Og Drottinn talaði við Móse og sagði: Nú sýnir einhver þá sviksemi að draga undan eitthvað af því, sem Drotni er helgað, þá skal hann í sektarbætur færa Drotni hrút gallalausan úr hjörðinni, sem að þínu mati sé eigi minna en tveggja sikla virði, eftir helgidóms sikli, til sektarfórnar. Og það, sem hann hefir dregið undan af helgum hlutum, skal hann að fullu bæta og gjalda fimtungu meira. Skal hann færa það prestinum, og presturinn skal friðþægja fyrir hann með sektarfórnarhrútnum, og mun honum fyrirgefið verða.

III Mósebók: 5:14–16

Frá því sögur hófust hefur fátt verið eins oft á milli tannanna á fólki og peningar. Ýmist hafa menn bókstaflega bitið í þá til að sannreyna ríkidæmi sitt, eða kvartað yfir því að eiga ekki nóg af þeim eða þá smjattað á sögum af fræga og fína fólkinu sem veður í seðlum. Nú bregður svo við að efasemdir vakna um verðmæti peninga almennt. Ástæðan er ekki síst hin gífurlega skuldastaða Bandaríkjanna og hræðslan við að þau geti ekki staðið við skuldbindingar sínar.

Hugmyndir okkar um gildi peninga sem slíkra eru tiltölulega nýjar af nálinni. Í árdaga var einungis um sjálfsþurftarbúskap að ræða. Með aukinni verkætækni jókst verkaskipting og kallaði það á viðskipti. Í fyrstu tíðkuðust einungis vöruskipti, þ.e. bakarinn lét skóar-anum í té brauð fyrir skó, slátraranum brauð fyrir kjöt o.s.frv. Málið var einfalt þegar tveir áttu í viðskiptum sín á milli. Þeir ákváðu sjálfir á hverju þeir skiptu. Hins vegar vandaðist málið þegar kom að skattheimtunni. Hvað skyldu vera mörg brauð í hverri skattgreiðslu? Eða mörg kjötlæri? Þörf var á staðli þar sem ákveðið var hvað mikið magn af tiltekinni vöru samsvaraði miklu magni af

annarri vöru. (Dæmi um staðlaða einingu er metrakerfið sem varð ekki til fyrr en í frönsku byltingunni 1789.) Yfirleitt var ein vörutegund notuð sem grunnur eða fasti sem allar aðrar vörur voru miðaðar við. Hérlandis var það kýrin sem gegndi hlutverki lögeyriss og samsvaraði eitt kúgildi 6 ám, 120 álnum af vaðmáli eða 240 fiskum. Þetta kerfi gekk undir nafninu landaurakerfi. Í þróaðri samfélögum gegndi gull og silfur hlutverki slíks fasta. Var þá tiltekið magn af gulli eða silfri látið af hendi fyrir tiltekið magn af vörum. Þegar konungar og furstar hófu myntsláttu ábyrgðust þeir að svo og svo mikið magn af þessum eðalmálum væri í myntinni. Auðvitað vildu menn verða sér úti um skjótfenginn auð. Í Hollandi stunduðu menn t.d. það að skafa brúnir gull- og silfurpeninga. Þannig tóku menn ákveðinn "toll" af peningunum, ráðamönnum til sárrar gremju og fóru þeir að hafa rönd myntarinnar ríflaða svo auðséð væri hvort hún hefði verið skert. Jafnframt slógu þeir á myntina áletrunina "Drottinn sé með oss" til að fæla guðhrædda alþýðuna enn frekar frá slíku athæfi.

Með tilkomu peningaseðla á 17. öldinni varð eðlisbreyting á. Seðlar eru

úr pappír og vísuðu á tiltekið magn af gulli, þ.e. að baki hvers peningaseðils var ákveðið magn af gulli. Ef stjórnvöld vildu prenta peningaseðla urðu þau að eiga gull. Með öðrum orðum stóð gjaldmiðillinn á gullfæti. Þetta fyrirkomulag gilti í raun alveg fram til 15. ágúst 1971 þegar Richard M. Nixon, forseti Bandaríkjanna, lýsti því yfir að ríkið skipti ekki lengur á gulli og dölum. Nú ábyrgist ríkisstjórn hvers ríkis gjaldmiðil sinn. Gjaldmiðillinn stendur nú ekki á neinu öðru en loforði seðlabankanna. Þeir heita því að greiða svo og svo mikið fyrir aðra gjaldmiðla. Því traustari sem stjórnarhættirnir eru, því þyngra vegur loforð seðlabankanna og því stöðugri er gjaldmiðill viðkomandi ríkis. Þetta fyrirkomulag hefur verið kallað fótalaust fé eða flat money á ensku. Nú óttast menn að Bandaríkjamenn standi ekki við skuldbindingar sínar vegna hins gífurlega skuldahalla. Það er hins vegar allt önnur saga sem ekki verður rakin nánar hér, enda ætluin að rifja upp viðhorf manna til peninga á öldum áður.

Árið 1360, eða um það leyti sem landaurakerfið var að festa sig í sessi hérlandis, kom út í Frakklandi *Traité sur l'origine, la nature, le droit et les mutations des monnaies*, eða *Ritgerð um uppruna, eðli, rétt og breytingar gjaldmiðla*. Ritgerðin hefur verið talin ein fyrsta fræðilega ritgerðin um mynt og afleiðingar pólitískrar misbeitingar á gengisskráningu hennar og höfundur hennar, Nicolas Oresme, einn helsti hagfræðingur miðalda. Sumir hafa haldið því fram að í raun sé um hápólitískt flugurit að ræða, þar sem hagsmunum auðugar borgarastéttar sé hampað. Allt um það birtast í fyrsta



sinn í riti ýmsar skynsamlegar athugasemdir um fjármál sem eru enn í fullu gildi, t.d. um vensl verðgildis og mála.

Fátt er vitað um æskuár heimspékingsins. Nicolas Oresme er líklega fæddur um 1320 í grennd við borgina Caen í Normandí. Hann var af vel stæðri bændafjölskyldu og af alþýðuættum. Miðað við ætt og uppruna var ekkert sem benti til fræða- og stjórn málaferils. Hann var óþekktur bændasonur en varð klerkur og upp úr því nákominn konungi, vinur hans, ráðgjafi og trúnaðarmaður, og auk þess var hann vísindamaður sem enginn í menningarheiminum Parísar bar brígdur á. Þessi ótrúlega skjóti frami eins manns var vissulega ævintýri líkastur en þó ekkert einsdæmi. Hann tilheyrði miklum uppgangi svonefndra ministeri, stéttar sem var miðja vegu milli hermanna og bænda. Sú stétt kom fram á tólftu öld og lagði grunninn að borgarastéttinni, öflugt og kvíkt efnahagslegt afl sem konungvaldið studdist við til þess að tryggja einveldið.

Nicolas Oresme birtist fyrst með formlegum hætti á spjöldum sögunnar í árslok 1348. Þá var hann á skrá yfir sex styrkþega sem hlutu inngöngu í guðfræði í Navarre-deild Parísarháskóla. Þar sat hann á skólabeck þau sjö ár sem tilskilin voru samkvæmt námsskrá og lauk meistaraþrófi í guðfræði þann 4. október árið 1356. Hann var umsvifalaust gerður að stórmeistara Navarre og kenndi við deildina til 4. desember 1361, en sú dagsetning er á uppsögn hans úr háskólakennarastarfinu og þá hófst klerksferill hans.

Þau þrettán ár sem Nicolas Oresme starfaði við háskólann í París skiptu sköpum, því þar lagði hann grunninn að framtíðarferli sínum. Hann hlýtur fyrst og fremst að vekja athygli sem meðlimur hins glæsilega hóps menntamanna Parísar á sínum tíma. Raunin er sú að á þessu skeiði Frakklandssögunnar var afar róstusamt á stjórn málasviðinu (hundrað ára stríðið hefst, Englendingar taka Jóhannes II Frakklandskonung til fanga, Etienne Marcel og alþýðan í París gera uppreisn, mikil drepsótt gengur yfir landið í bylgjum og

veldur miklum skaða...) en þá blómstraði vitsmunaleg elíta í París og lagði grunninn að húmanískri og nútímalegri menningu. Nicolas Oresme kynntist þar Pierre Bersuire sem kynnti Frökkum verk Petrarka vinar síns, einnig tónlistarmönnum og skáldunum Guillaume de Machaud og Philippe de Vitry, og auðvitað heimspekingnum Jean Buridan sem var starfsbróðir hans við Parísarháskóla. Erfitt sýnist að greina á milli gagnkvæmra áhrifa Jeans Buridan og Nicolas Oresme. Ekki er að efa að Nicolas Oresme veitir að vissu marki rektor Parísarháskólans innblástur, enda vitnar Jean Buridan til hans í Questions sur le livre des Météores. Hins vegar má með sama hætti glöggst sjá afar greinileg áhrif Jeans Buridan í tilteknum málsgreinum verks Nicolas Oresme, *Traité des monnaies*.

Á þessu þrettán ára skeiði kynntist Nicolas Oresme einnig helstu stjórn mála- mönnum samtíma síns. Ekki er ljóst hvernig stóð á því að hann var kynntur til hirðar Jóhannesar II, og hann var að vísu ekki beinlínis kennari Karls prins (síðar Karls V), en náinn vinur hans. Þessi trausta vinátta þróaðist upp í raunverulegt pólitískt vald um leið og hinn ungi prins varð ríkisstjóri í framhaldi af ósigri franska hersins við Poitiers í september 1356, er konungur var tekinn til fanga. Mörg skjöl vitna um þetta pólitíska vald: undirritun Nicolas Oresme sést á skjali frá fjárhirslu konungsdæmisins þar sem hann er titlaður ráðgjafi konungs, annað opinbert skjal titlar Nicolas Oresme fulltrúa konungs fyrir yfirvöldum Rúðuborgar, þar sem verið var að afla konungdæmi lánsfjár.

Klerksferill hans hófst ekki fyrir

alvöru fyrr en hann hætti að kenna. Hann var fyrst kanóni (23. nóvember 1362), forseti dómkirkjunnar í Rúðuborg (18. mars 1364), kapellán konungs (árslok 1369) og loks biskup í Lisioux (1377), en voru öll þessi embætti ekki bara réttlætning á því að alþýðumaður væri svo náinn konungi? Nicolas Oresme virðist lítt bundinn við kapellu sína og biskupsdæmi. Á þessu tímabili felur konungur honum þýðingu á veigamiklum fræðiritum á frönsku og leggur hann þar með grunninn að ritun vísindagreina á frönsku. Skjalfest er að hann hefur fengið þessi þýðingastörf ríflega greidd. Sagan varðveitir mynd af farsælu og stöðugu konungsdæmi, en þess sér víða stað að Nicolas Oresme hafði mikil áhrif á konung, einkum með aðild sinni að gjaldmiðilsendurskoðuninni 5. desember 1360. Nicolas

Oresme lést 11. júlí 1382 að biskupsstól sínum í Lisioux.

Höfuðrit Oresme, *Ritgerð um uppruna, eðli, rétt og breytingar gjaldmiðla* kom fyrst út um 1360, bæði á latínu og á frönsku. Hún skiptist í 26 kafla og þótt hér sé ekki tækifæri til að fjalla sérstaklega um hvern og einn þeirra gefur efnisyfirlitið vísbendingu um innihaldið:

1. Af hverju voru peningar fundnir upp?
2. Úr hvaða efni á gjaldmiðill að vera?
3. Ýmis efni í mynt og málmblöndur.
4. Lögun og gerð myntar.
5. Hverjum ber að framleiða mynt?
6. Hver á téða mynt?
7. Á hvers kostnað skal myntin framleidd?
8. Breytingar á mynt almennt.
9. Breyting á gerð myntar.
10. Breyting á hlutfalli myntar.
11. Breyting á nafni myntar.
12. Breyting á þyngd myntar.

13. Breyting á efni myntar.
  14. Breyting á efni og gengi myntar.
  15. Arðurinn sem furstinn fær við myntbreytingu er óréttmætur.
  16. Arðurinn af breytingu myntar er óeðlilegur.
  17. Arðurinn af breytingu myntar er verri en okur.
  18. Slíkar breytingar á mynt í sjálfu sér eiga ekki að vera heimilar.
  19. Ákveðnir ókostir varðandi furstann sem eru afleiðingar af breytingu myntar.
  20. Aðrir ókostir sem varða allt samfélagið.
  21. Aðrir ókostir sem varða samfélagið að hluta.
  22. Getur samfélagið gert slíkar breytingar á mynt?
  23. Hér er því haldið fram að fursti geti umbreytt mynt.
  24. Svar við því sem á undan fer og meginniðurstöður.
  25. Harðstjóri getur ekki verið lengi við völd.
  26. Að hirða arð með breytingu myntar skaðar alla niðja konungs.
- Bókin skiptist í fjóra meginhluta. Fyrstu sjö kaflarnir eru um uppruna myntarinnar og gerð hennar.
- Næstu sjö kaflar (8. - 14. kafli) fjalla um breytingar og gengi myntar, einnig um heimilar gjaldmiðilsbreytingar sem eru náttúrulegar og mjög fátíðar (vert er

að hugleiða hvort það hafi verið náttúruleg breyting að taka upp nýja krónu, eða þegar evran varð sameiginleg mynt ríkja sem áður höfðu sinn gjaldmiðil hvert.) Furstinn megi aldrei sjálfur eiga við slíkar breytingar.

Þriðji hluti bókarinnar er einna athyglisverðastur. Í 15. til 23. kafla fjallar Oresme um vensl gjaldmiðils og stjórnmála. Þetta er pólitískur hluti ritsins og á hann enn fullt erindi við samtíma okkar, enda er um að ræða hugleiðingu um siðfræði í stjórnmálum og vensl ríkisfjármála og valda. Vitnar Oresme í Biblíuna, Aristóteles og fleiri til að grunda athugasemdir sínar um siðferði og gjaldmiðilsbreytingar. Mennirnir eru breyskir, furstar eins og aðrir, og brýnt að setja þeim lífsreglurnar og minna á þær. Það sé siðferðislega rangt og beinlínis glæpsamlegt að stjórnvöld hagnist á gjaldmiðilsfíkti. Það komi í raun þungt niður á samfélaginu öllu og enginn hagnist á því til lengdar. Það komi hvað þyngst niður á heiðvirðum stéttum sem starfa við verðmætasköpun og verðmæstastjórnun. Borgarastéttin, þ.e. kaupmenn og fésýslumenn, sé sá hópur sem helst ætti að hlífa. Hún sé líka það afl sem best geti veitt furstanum, þ.e. stjórnvöldum, aðhald, og tryggt að rétt sé farið með gildi gjaldmiðils. Samfélaginu í heild sé á hinn bóginn heimilt að eiga

við gjaldmiðilinn og því beri að gera það þegar slíkt sé í þágu almannaheilla. Einnig getur samfélagið heimilað furstanum að ráðstafa gjaldmiðlinum þegar brýna nauðsyn beri til. Oresme bendir á að myntslátta kosti sitt og öll umsýsla þar að lútandi, og rétt sé að gera ráð fyrir þeim kostnaði. Einnig beri furstanum að berast nokkuð á, og samfélagið verði að veita honum auraráð til þess.

Í síðustu þremur köflunum dregur Oresme saman niðurstöður sínar og varar fursta og hvers kyns stjórnvöld við freistingum sem gætu reynst þeim skammgóður vermir, líkt og að pissa í skóinn. Ekki sé vert að eiga við gengið eða beita handafli, slíkt komi í bakið á yfirvöldum fyrr eða síðar, og hvíli eins og bölvun á niðjum harðstjórans eða konungsins.

#### Helstu heimildir:

The Economist. February 28 th.-March 5th 2004: "The trouble with paper money."  
 Nicolas Oresme: *Traité des monnaies et autres écrits monétaires du XIVe siècle* (Jean Buridan, Bartole de Sassoferrato). Textes réunis et introduits par Claude Dupuy. Traduits par Frédéric Chartrain. La Manufacture, Lyon 1989.

## Rafræn skil til ársreikningaskrár

Opnaður hefur verið aðgangur að rafrænum skilum ársreikninga á þjónustusíðu á vef ríkisskattstjóra, [www.rsk.is](http://www.rsk.is)

Þegar skilað er rafrænt skal skrá inn upplýsingar sem eiga að koma fram á ársreikningi, svo sem kennitölur allra stjórnarmanna og framkvæmdastjóra sem undirrita skulu ársreikninginn, og koma þá fram sjálfvirkt nöfn þeirra. Verður litið á það sem fullgilda undirritun þeirra á frumrit ársreiknings ásamt því að merkt verði í sérstakan glugga um staðfestingu á undirritun. Enn fremur skal skrá inn kennitölur þeirra innlendu hluthafa sem eiga a.m.k. 10% af hlutfé félagsins, en nafn og heimaland ef hluthafi er búsettur erlendis. Þá skal skrá kennitölu endurskoðanda eða skoðunarmanns og dagsetningu aðalfundar en ígildi aðalfundar hjá eins manns einkahluta-

félögum er skráning í gerðarbók. Við skil á samstæðureikningi skal enn fremur skrá inn kennitölu og eignarhluta í innlendum dótturfélögum, en nafn og land ásamt eignarhluta ef þau eru skráð erlendis. Ekki þarf að skrá þessar upplýsingar aftur við næstu skil ársreiknings, nema dagsetning aðalfundar, ef engar breytingar hafa orðið á skráðum upplýsingum milli ára, þar sem upplýsingar fyrra árs munu birtast við næstu skil ársreiknings.

Æskilegast er að ársreikningum sé skilað á PDF-formi. Enn um sinn verður þó tekið á móti ársreikningum í Word- og Excel-formi.

### Öryggismál

Á árinu 2004 voru gerðar skipulagsbreytingar hjá embætti ríkisskattstjóra. Ein af þessum breytingum snýr að öryggismálum embættisins. Guðni Ólafsson sem áður gegndi starfi forstöðumanns skatteftirlits var skipaður öryggisstjóri og fer hann með öryggismál embættisins og skattkerfisins. Öryggismál snúa ekki eingöngu að öryggi rafrænna upplýsinga heldur einnig að umgengni um húsnæði, samskiptum við verkataka og húsnæðila, og að starfsmönnum. Ákveðið hefur verið að taka upp og innleiða öryggisstaðalinn BS7799, um stjórnkerfi upplýsingaöryggis. Í því felst að embættið mun innleiða viðeigandi ráðstafanir sem settar eru fram í formi öryggisstefnu, starfsvenja, verklagsreglna og skipulags, auk tæknilegra ráðstafana. Vinna við innleiðingu á staðlinum hófst á haustmánuðum 2004.



### Orkufyrirtæki verða nú skattskyld

Á síðastliðnu vörpungi voru samþykkt lög um skattskyldu orkufyrirtækja (nr. 50/2005). Lagabreytingin varðar fyrirtæki sem undanþegin hafa verið skattlagningu skv. ýmsum sér-lögum. Um er að ræða fyrirtæki sem stunda vinnslu, dreifingu, flutning, sölu og afhendingu á raforku og heitu vatni. Áður hafði ýmsum lögum á orkusviði verið breytt og undanþágur þessara félaga frá skattskyldu verið felldar niður.

Orkufyrirtæki verða nú skattskyld eins og önnur atvinnufyrirtæki. Þar sem þessi fyrirtæki hafa ekki áður sætt skattlagningu og því ekki skilað uppgjöri til skatts var nauðsynlegt að setja ákvæði um endurmat, fyrningarstofna og stofna til útreiknings á söluhagnaði. Endurmeta þarf því mannvirki og lausafé þessara félaga sem aflað var fyrir árslok 2001 og endurmetið verð myndar síðan fyrningarstofn í skattskilum og stofn til útreiknings á söluhagnaði. Upphaflegt kaupverð er framreiknað samkvæmt verðbreytingarstuðli fyrir hvert ár fram til ársins 2001. Sambærileg ákvæði voru sett við upptöku verðleiðréttra skattskila með lögum nr. 40/1978. Löggin koma til framkvæmda við álagningu tekjuskatts á árinu 2007 vegna rekstrarársins 2006.

## Upplýsingatafla RSK

### Staðgreiðsla opinberra gjalda 2005

Skattlutfall staðgreiðslu	37,73%
Tekjuskattur	24,75%
Útsvar	12,98%
Skattlutfall barna yngri en 16 ára af launum umfram kr. 96.125	6,00%
Af vöxtum og arði	10,00%
Skattleysismörk tekjuárið 2005	900.732

### Persónuafsláttur frá 1. janúar 2005

í einn mánuð	kr. 28.321
í hálfan mánuð	kr. 14.160
í 14 daga	kr. 13.035
í eina viku	kr. 6.517
Sjómannaafsláttur á dag	kr. 768

### Hámark barnabóta 2005 miðað við heilt ár

Hjón/sambúðarfólk	
- með fyrsta barni	kr. 126.952
- með börnum umfram eitt	kr. 151.114
- ótekjutengd viðbót v/barna yngri en 7 ára	kr. 37.397
Einstæðir foreldrar	
- með fyrsta barni	kr. 211.447
- með börnum umfram eitt	kr. 216.902
- ótekjutengd viðbót v/barna umfram eitt og yngri en 7 ára	kr. 37.397

Barnabætur eru greiddar út 1. feb., 1. maí, 1. ágúst og 1. nóv.

Tryggingagjald, þ.m.t. markaðsgjald	5,73%
Sérstakt gjald v/sjómanna	6,38%

### Kílómetragjald, skv. auglýsingu ferðakostnaðarnefndar nr. 1/2005

#### Kílómetragjald, gildir frá 1. júní 2005

Almennt gjald, af fyrstu 10 þ.km, pr. km:	kr. 60,00
-------------------------------------------	-----------

Sé greitt sérstakt gjald vegna aksturs á vegum fyrir almenna umferð þar sem ekki er bundið slitlag, skal reikna 15% álag á almennt gjald.

Sé greitt torfærugjald vegna aksturs utan vega, eða á vegaslóðum sem ekki eru færir fólksbílum, skal reikna 45% álag á almennt gjald.

### Dagpeningar innanlands,

#### skv. auglýsingu ferðakostnaðarnefndar nr. 2/2005

##### Gildir frá 1. júní 2005

Fyrir gistingu og fæði í einn sólarhring	16.500
Fyrir gistingu í eina nótt	10.800
Fyrir fæði hvern heilan dag, minnst 10 tíma ferðalag	5.700
Fyrir fæði í hálfan dag, minnst 6 tíma ferðalag	2.850

### Dagpeningar erlendis,

#### skv. auglýsingu ferðakostnaðarnefndar nr. 3/2005

	Almennir dagpeningar		Dagpeningar vegna þjálfunar, náms o.fl.	
	Gisting	Annað	Gisting	Annað
London, New York borg,				
Washington DC og Tokyo	SDR 145	110	93	70
Annars staðar	SDR 110	100	70	64

### Virðisaukaskattur

Almennt skattþrep	24,5%
Sérstakt skattþrep	14,0%



# ÖRFÁ örfá orð



GUÐRÚN  
ÞORLEIFSDÓTTIR


## um stefnu danskra skattyfirvalda við skatteftirlit

Síðastliðið vor dvaldi ég í sex vikur í kaupmannahöfn og heimsótti dönsk skattyfirvöld. Um var að ræða skiptidvöl sem styrkt var af norrænu ráðherranefndinni.

Í ferðinni heimsótti ég skattaráðuneytið, Told- og skattestyrelsen, sem er stofnun sem hefur svipuð verkefni og ríkisskattstjóri og tollstjóri að hluta, og þrjár skattstofur. Ég ræddi við fjölda starfsmanna og fékk m.a. að fylgjast með þeirri undirbúningsvinnu, hjá Told- og skattestyrelsen, sem á sér stað um þessar mundir vegna þeirra skipulagsbreytinga á danska skattkerfinu sem taka gildi 1. nóvember n.k. Þá verða öll verkefni varðandi skattfrákvæmd flutt til ríkisins en í dag eru þau bæði í höndum ríkis og sveitarfélaga.

Eitt af því sem vakti athygli mína og ég kynnti mér sérstaklega er stefna danskra skattyfirvalda. Stefnumótun er greinilega órofa hluti af starfsemi þeirra og víða bar fyrir augu lesmál um stefnu yfirvalda, bæði á upplýsingavefjum skattyfirvalda á auglýsingasjöldum og í bæklingum. Þá voru þeir starfsmenn sem ég ræddi við allir mjög meðvitaðir um þá stefnu sem þeim var ætlað að fylgja.

Ekki er ætlunin að gera grein fyrir stefnu danskra skattyfirvalda í heild í þessari grein heldur takmarka umfjöllunina við stuttlega lýsingu á stefnu við skatteftirlit. Ég átti kost á því að kynna



mér starfsemi nokkurra deilda eða hópa sem hafa með höndum skatteftirlit. Þær heimsóknir voru afar fróðlegar fyrir margra hluta sakir og það vakti athygli mína hversu skipulagt skatteftirlitið er. Það sem fyrst og fremst liggur til grundvallar vinnu þessara starfsmanna er skýr stefna varðandi skatteftirlit (kontrolstrategi) og eftirlitsáætlun (kontrolplan). Í stuttu máli má segja að stefnan sé sú að skatteftirlit og þjónusta eiga að haldast í hendur. Þau fyrirtæki sem fylgja reglum eiga ekki að þurfa að sæta miklu eftirliti en geta fengið leiðbeiningar eftir þörfum. Þá eiga þau að geta treyst því að samkeppnisstaða þeirra verði tryggð þar sem eftirlit muni beinast að þeim sem ekki fylgja reglunum. Þau fyrirtæki sem ekki fylgja reglunum geta hins vegar átt von á eftirlitsaðgerðum þar sem vandlega er farið yfir hlutina. Þá er einnig lögð áhersla á að bæta ímynd skattfyrvalda og stuðla að því að skattborgarar líti á þau sem vini (medspillere) en ekki óvini (modspillere).

Sú aðferð er notuð við skipulagningu á skatteftirliti að fyrirtæki eru flokkuð með ákveðnum hætti. Myndrænt er flokkaskiptingin sett upp í pýramída sem skiptist í fjögur lög, sjá mynd.

Lagskiptingin í pýramídanum táknar skattgreiðendur og þá afstöðu sem þeir hafa til skattskila. Efstir eru rauðir sem eru ákveðnir í að fylgja ekki skattalögum. Næstir fyrir neðan eru gulir sem vilja ekki fylgja skattalögum en hægt er að hafa áhrif á þannig að þeir snúi til betri vegar. Þar fyrir neðan eru grænir og þeir vilja fylgja skattalögum en tekst það ekki alltaf og þá ekki síst vegna vankunnáttu. Neðstir eru hvítir og þeir vilja fylgja skattalögum og gera það. Út frá ýmsum upplýsingum eru fyrirtæki flokkuð sem rauð, gul, græn eða hvít og sú flokkun getur að sjálfsögðu breyst. Áherslurnar við eftirlit eru í stuttu máli þær að hafa skatteftirlit með rauðum og gulum en þjónustueftirlit (þ.e. leiðbeinandi eftirlit) með grænum og hvítum. Markmiðið er svo að þoka öllum niður á við í hvítt.

Skráning árangurs í eftirliti tekur einnig mið af þessari flokkun. Eftirlitsfólk fær mismunandi mörg stig eftir því hvernig fyrirtækin, sem tekin voru í eftirlit, flokkast. Flest stig fást fyrir eftirlit með rauðum og svo fækkar stigunum eftir því sem neðar dregur. Fleiri þættir hafa þó einnig áhrif á stigagjöfina m.a. það í hverju eftirlitið felst. Í upphafi hvers árs liggur fyrir áætlun um það hversu mörgum stigum hver og ein eftirlitsdeild eða hópur skal skila í árslok og hvernig þau eiga að skiptast milli flokkanna. Til viðbótar eru teknar svokallaðar "stikkprufur" úr öllum flokkum í eftirlit þar sem ekki þykir varlegt að treysta flokkuninni alveg í blindni.

Þetta fyrirkomulag við stjórnun á því hvar áherslur eigi að liggja við skatteftirlit á uppruna sinn í Ástralíu. Það er óneitanlega athyglisvert og ekki var annað ráðið af starfsfólki en að það væri sáttt við að vinna eftir því.



## Hefur þú kynnt þér rafræn skil til ársreikningaskrár?

Á þjónustusíðu [rsk.is](http://rsk.is) er boðið upp á rafræn skil á ársreikningum

Kynntu þér málið  
Allar nánari  
upplýsingar  
má fá á  
[www.rsk.is](http://www.rsk.is)

➔ Rafræn skil - einföld skil

# ÁLAGNING

## Álagning

# einstaklinga 2005



PÁLL  
KOLBEINS

Skattstjórar hafa nú lokið við að leggja skatta á tekjur ársins 2004. Alls eru 234.437 framteljendur á skattgrunnskrá og hefur þeim fjölgað um 4.772 á milli ára. Tekjur og skattar 13.587 gjaldenda voru áætlaðar af skattstjórum, en gjaldendum sem ýmist skiluðu ekki framtali eða taldir eru hafa vantalið tekjur fjölgaði um 32,9% á milli ára. Almennt má segja að niðurstöður álagningar beri uppgangi undangengins árs vitni, skattar á tekjur, hagnað og eignir hækka enn. Hér á eftir verður tæpt á því helsta sem telja má markvert við niðurstöður álagningar árið 2005:

### Skattskyldar tekjur

Skattskyldar tekjur einstaklinga hækkuðu nú um rúmlega 54,2 milljarða eða um 9,9% samanborið við 8% hækkun í fyrra og 6,5% hækkun árið þar áður. Þær voru nú rúmlega 601,4 milljarðar samanborið við 547,2 milljarða við álagningu árið 2004. Tekjuskatts- og útsvarsstofn hækkaði nú um 9% á milli ára, úr 483,3 milljörðum í 526,8 milljarða. Stofninn hefur því vaxið um tæpa 43,5 milljarða frá því í fyrra. Tekjuskatts- og útsvarsstofn hefur vaxið mjög hratt á undanförunum árum eða um rúm 8,2% að jafnaði frá árinu 2000. Þegar litið er á vöxt tekjuskatts- og útsvarsstofns nú verður þó að hafa í huga að skattstjórar hafa áætlað tekjur og skatta á nokkuð fleiri í ár en í fyrra og má reikna með að áætlanir skattstjóra hafi einhver áhrif á vöxt stofnsins milli ára. Tæpir 13,8 milljarðar eru tekjur sem skattstjórar hafa áætlað gjaldendum sem er mun meira en undanfarin ár. Það er því viðbúið að þegar frá líður álagningu muni stofninn taka nokkrum breytingum.

Af einstökum tekjuliðum hækkuðu framtalin laun og aðrar starfstengdar greiðslur mest í fjárhæðum mælt eða um tæpa 25,9 milljarða á milli ára, sem er hækkun um 6,6%. Framtalin laun og starfstengdar greiðslur voru nú um 417,7 milljarðar. Nú töldu 163.592 framteljendur fram laun og starfstengdar greiðslur en í fyrra voru þeir 162.767. Þeim sem telja fram laun og starfstengdar greiðslur fjölgaði því aðeins um 0,5% frá fyrra ári sem er mun minna en í fyrra en þá fjölgaði þeim sem telja fram slíkar greiðslur um 1,4% á milli ára en hafa verður í huga áhrif af fjölgun áætlana.

Reiknað endurgjald af vinnu við eigin atvinnurekstur var nú tæpur 15,1 milljarður, lækkaði um 2,8% frá fyrra ári. Hreinar tekjur af atvinnurekstri voru rúmlega 5,6 milljarðar sem er 0,7% hækkun frá því í fyrra. Þeim sem reikna sér endurgjald vegna vinnu við eigin atvinnurekstur fækkaði enn á milli ára eða úr 19.080 árið 2004 í 17.750 við álagningu nú, eða um 1.330. Þeim fækkaði því um 7% á milli ára. Þeim sem telja fram hreinar tekjur af atvinnurekstri fækkaði um 631, eða 4,6% frá því í fyrra. Þetta er framhald á þróun síðustu ára en framteljendum sem reikna sér endurgjald hefur fækkað um 9.307, eða 34,4% frá árinu 1997 en þá voru þeir flestir eða 27.057. Þeim hefur fækkað jafnt og þétt síðastliðinn áratug samfara mikilli fjölgun einkahlutafélaga.

Greiðslur úr lífeyrissjóðum hækka enn mikið milli ára eða um tæpa 2,6 milljarða sem er 9,2%. Þetta er heldur minni hækkun en síðastliðin tvö ár en greiðslur úr lífeyrissjóðum hækkuðu um 2,8 milljarða á milli árunum 2003 og

2004 eða um 11,3% og um rúma 3,4 milljarða milli árunum 2002 og 2003 eða 15,7%. Nú voru framtaldar greiðslur úr lífeyrissjóðum tæpir 30,4 milljarðar. Þær voru 27,8 milljarðar í fyrra og tæpir 25 milljarðar í hitteðfyrra.

Greiðslur frá Tryggingastofnun ríkisins hækka einnig nokkuð á milli ára eða um rúmlega 2,6 milljarða, úr 27,8 milljörðum í rúma 30,4 milljarða. Þetta er hækkun um 9,4%. Þeim sem telja fram þessar greiðslur fjölgað hins vegar ekki að sama skapi. Þeir voru 46.247 við álagningu 2004 en nú töldu 46.636 fram greiðslur frá Tryggingastofnun ríkisins og hefur þeim því fjölgað um 0,8% á milli ára.

Atvinnuleysisbætur hækka einnig nokkuð á milli ára eða um 4,3%. Þær voru 3,3 milljarðar í fyrra en tæpir 3,5 milljarðar nú. Þær hækkuðu um 141 milljón á milli ára. Atvinnuleysisbætur hafa hækkað nokkuð á undanförunum árum. Þær voru 2,3 milljarðar við álagningu árið 2003 og 1,1 milljarður við álagningu 2002. Þrátt fyrir að atvinnuleysisbætur hækki nú milli ára töldu færri framteljendur fram bætur nú en í fyrra eða 11.380 samanborið við 12.759 í fyrra. Þeim fækkaði því um 10,8%.

Fjármagnstekjur hafa hækkað mjög mikið á undanförunum árum. Árið 2000 voru framtaldar fjármagnstekjur 24,7 milljarðar. Nú töldu landsmenn fram tæpa 74,6 milljarða í fjármagnstekjur eða 202% meira en þeir gerðu við aldamótin síðustu. Að jafnaði hafa fjármagnstekjur því aukist um 24,8% á ári. Nú má rekja tæp 20% hækkunar skattskyldra tekna til hækkunar fjármagnstekna. Fjármagnstekjur hækkuðu nú



# Framtöl einstaklinga 2003 til 2005

## Skattskyldar tekjur einstaklinga

	Skattskyldar tekjur					Fjöldi framteljenda með tekjur				
	Upphæðir		Breytingar '04-'05			Fjöldi með tekjur			Breytingar '04-'05	
(í milljónum króna)	2003	2004	2005	Millj. kr.	%	2003	2004	2005	Fjöldi	%
<b>Laun, hlunnindi, lífeyrir o.fl.:</b>										
Laun, starfst.gr. o.fl.	370.270	391.838	417.734	25.896	6,6%	160.505	162.767	163.592	825	0,5%
Ökutækjastyrkur	5.544	5.761	5.845	84	1,5%	32.732	32.954	33.253	299	0,9%
Dagpeningar	5.256	5.380	5.771	391	7,3%	22.221	23.210	23.667	457	2,0%
Reiknað endurgjald	15.470	15.493	15.054	-439	-2,8%	19.817	19.080	17.750	-1.330	-7,0%
Greiðslur frá Tryggingastofnun	24.802	27.856	30.461	2.605	9,4%	45.120	46.247	46.636	389	0,8%
Greiðslur úr lífeyrissjóðum	24.963	27.791	30.361	2.570	9,2%	37.139	38.508	39.511	1.003	2,6%
Aðrar tekjur	2.474	3.005	3.552	547	18,2%	19.248	25.677	29.997	4.320	16,8%
Húsaleigubætur, aðstoð og styrkir	905	1.014	1.016	2	0,2%	4.408	4.694	4.022	-672	-14,3%
Atvinnuleysisbætur	2.299	3.317	3.458	141	4,3%	10.298	12.759	11.380	-1.379	-10,8%
Styrkir vegna náms, vísindstarfa o.fl.	574	707	858	150	21,2%	10.382	13.141	15.454	2.313	17,6%
Tekjur erlendis frá	100	129	122	-7	-5,6%	108	114	103	-11	-9,6%
Bakfærður frádráttur v/hlutabréfakaupa	42	27	19	-8	-29,7%	375	236	150	-86	-36,4%
<b>Samtals:</b>	<b>452.697</b>	<b>482.319</b>	<b>514.251</b>	<b>31.932</b>	<b>6,6%</b>	<b>199.865</b>	<b>204.113</b>	<b>204.738</b>	<b>625</b>	<b>0,3%</b>
Hreinar tekjur af atvinnurekstri	5.890	5.600	5.637	37	0,7%	14.183	13.802	13.171	-631	-4,6%
<b>Áætlun</b>										
Áætlaður tekjuskattsstofn, viðbót	32.148	26.240	39.088	12.847	49,0%	11.777	10.225	13.586	3.361	32,9%
Áætlað álag á tekjuskattsstofn	2.636	2.243	3.145	902	40,2%	11.588	9.348	12.708	3.360	35,9%
<b>Samtals:</b>	<b>34.784</b>	<b>28.483</b>	<b>42.232</b>	<b>13.750</b>	<b>48,3%</b>	<b>11.779</b>	<b>10.225</b>	<b>13.587</b>	<b>3.362</b>	<b>32,9%</b>
<b>Frádráttur frá launum o.fl.</b>										
Kostnaður á móti ökutækjastyrk	3.655	3.724	3.669	-55	-1,5%	27.220	27.829	27.996	167	0,6%
Frádráttur vegna dagpeninga	4.955	5.106	5.483	377	7,4%	20.262	21.087	21.504	417	2,0%
Frádregið iðgjald í lífeyrissjóð	14.619	15.560	16.535	975	6,3%	162.619	165.752	166.060	308	0,2%
Frádregið iðgjald í lífeyrissjóð, 4%	5.800	6.800	7.626	826	12,2%	70.566	77.107	83.400	6.293	8,2%
Fjárfesting í atvinnurekstri	606	-	-	-	-	5.518	-	-	-	-
Frádráttur vegna náms og vísindastyrkja	390	457	566	109	23,8%	7.328	8.962	10.553	1.591	17,8%
Frádráttur vegna annarra styrkja	214	301	311	10	3,2%	4.396	7.373	6.926	-447	-6,1%
<b>Samtals:</b>	<b>30.237</b>	<b>31.949</b>	<b>34.190</b>	<b>2.241</b>	<b>7,0%</b>	<b>164.243</b>	<b>166.796</b>	<b>167.138</b>	<b>342</b>	<b>0,2%</b>
Lækkun skv. 66. gr.	1.899	1.113	1.112	-1	-0,1%	11.449	11.262	10.875	-387	-3,4%
<b>Tekjuskatts- og útsvarstofn</b>	<b>461.243</b>	<b>483.344</b>	<b>526.822</b>	<b>43.478</b>	<b>9,0%</b>	<b>211.666</b>	<b>214.371</b>	<b>218.364</b>	<b>3.993</b>	<b>1,9%</b>
Neikvæður	8	3	3	0	4,3%	47	23	22	-1	-4,3%
<b>Fjármagnstekjur</b>	<b>45.528</b>	<b>63.837</b>	<b>74.597</b>	<b>10.761</b>	<b>16,9%</b>	<b>74.436</b>	<b>76.924</b>	<b>77.080</b>	<b>156</b>	<b>0,2%</b>
<b>Skattskyldar tekjur samtals</b>	<b>506.770</b>	<b>547.180</b>	<b>601.419</b>	<b>54.239</b>	<b>9,9%</b>					
<b>Fjöldi framteljenda á grunnskrá</b>						<b>226.462</b>	<b>229.665</b>	<b>234.437</b>	<b>4.772</b>	<b>2,1%</b>

Skattar framteljenda sem hafa skilað ófullkomnu skattframtali eða hafa vegna sérstakra aðstæðna ekki verið reiknaðir í álagningarkerfi ríkisskattstjóra eru handreiknaðir af starfsmönnum skattstofa. Skattstofnar þessara framteljenda eru ýmist ekki fyrirbyggjandi eða ekki sambærilegir við skattstofna annarra framteljenda og er þeim því sleppt í töflunni hér að ofan.

Upplýsingar byggja á skattframtölum einstaklinga og miðast þær við stöðu gagna strax að loknum framtalsskilum í þ. 2. júlí, fyrir breytingar sem gerðar eru vegna kærumeðferða og síðbúinna framtalsskila.

# Framtöl einstaklinga 2003 til 2005

## Fjármagnstekjur einstaklinga

	Fjármagnstekjur					Fjöldi fjölskyldna				
	Upphæðir		Breytingar '04-'05			Fjöldi með tekjur			Breytingar '04-'05	
(í milljónum króna)	2003	2004	2005	Millj. kr.	%	2003	2004	2005	Fjöldi	%
<b>Arður og vextir af stofnsjóðsinneign</b>										
Arður af hlutabréfum	8.052	11.518	14.450	2.932	25,5%	35.535	36.458	36.830	372	1,0%
Arður af erlendum hlutabréfum	455	897	1.410	512	57,1%	315	387	493	106	27,4%
Vextir af stofnsjóðsinneign	12	11	12	1	9,9%	1.879	2.051	1.835	-216	-10,5%
<b>Samtals:</b>	<b>8.519</b>	<b>12.426</b>	<b>15.872</b>	<b>3.445</b>	<b>27,7%</b>	*	*	*	*	*
<b>Vaxtatekjur</b>										
Vextir af innstæðum barna	49	57	65	8	13,4%	3.877	3.856	3.666	-190	-4,9%
Vextir af innstæðum í bönkum	8.137	7.347	8.658	1.311	17,8%	53.071	53.888	55.360	1.472	2,7%
Vextir af útist. skuldum/verðbr.	2.806	3.933	6.424	2.491	63,3%	5.088	6.841	6.084	-757	-11,1%
Vextir af skattfrjálsum verðbréfum	2.190	2.769	4.149	1.381	49,9%	7.756	8.544	8.152	-392	-4,6%
<b>Samtals:</b>	<b>13.183</b>	<b>14.106</b>	<b>19.296</b>	<b>5.190</b>	<b>36,8%</b>	*	*	*	*	*
<b>Leigutekjur</b>	<b>2.102</b>	<b>2.555</b>	<b>2.725</b>	<b>169</b>	<b>6,6%</b>	<b>5.128</b>	<b>5.621</b>	<b>5.694</b>	<b>73</b>	<b>1,3%</b>
<b>Söluhagnaður</b>										
Hagnaður af sölu hlutabréfa	21.526	32.737	34.854	2.117	6,5%	5.401	8.855	11.434	2.579	29,1%
Annar söluhagnaður	592	2.011	1.850	-160	-8,0%	632	775	910	135	17,4%
<b>Samtals:</b>	<b>22.118</b>	<b>34.748</b>	<b>36.705</b>	<b>1.957</b>	<b>5,6%</b>	*	*	*	*	*
<b>Fjármagnstekjur samtals</b>	<b>45.528</b>	<b>63.837</b>	<b>74.597</b>	<b>10.761</b>	<b>16,9%</b>	<b>74.436</b>	<b>76.924</b>	<b>77.080</b>	<b>156</b>	<b>0,2%</b>

\*Fjármagnstekjur eru taldar fram af því hjóna sem hefur hærri tekjur og því vísa tölur um fjölda framteljenda með fjármagnstekjur til fjölda fjölskyldna en ekki einstaklinga. Skattar framteljenda sem hafa skilað ófullkomnu skattframtali, eða hafa vegna sérstakra aðstæðna ekki verið reiknaðir í álagningarkerfi ríkisskattstjóra, eru handreiknaðir af starfsmönnum skattstofa. Skattstofnar þessara framteljenda eru ýmist ekki fyrirbyggjandi eða ekki sambærilegir við skattstofna annarra framteljenda og er þeim því sleppt í töflunni hér að ofan. Upplýsingar byggja á skattframtölum einstaklinga og miðast þær við stöðu gagna strax að loknum framtalssskilum p. 2. júlí, fyrir breytingar sem gerðar eru vegna kærumeðferða og síðbúinna framtalssskila.

um tæpa 10,8 milljarða frá álagningu í fyrra eða um rúm 16,9%.

Af einstökum liðum fjármagnstekna hækkaði arður af hlutabréfum mest, eða um rúma 3,4 milljarða, úr rúnum 12,4 milljörðum í tæpa 15,9 milljarða. Þetta er hækkan um 27,7% á milli ára. Arður af erlendum hlutabréfum hækkaði talsvert meira en annar arður, eða um 57,1%, úr 897 milljónum í 1,4 milljarða. Nú töldu 493 framteljendur fram arð af erlendum hlutabréfum, 106 fleiri en í fyrra. Framteljendum sem töldu fram arð af innlendum hlutabréfum fjölgað hins vegar lítið milli ára og voru 36.830.

Framtaldir vextir af verðbréfum og innstæðum hækkuðu á milli ára um tæpa 5,2 milljarða, úr 14,1 milljarði í 19,3 milljarða. Þetta er hækkan um 36,8% á milli ára. Mest hækkuðu vextir af útistandandi skuldum og verðbréfum, um tæpa 2,5 milljarða, eða um 63,3%. Fjölskyldum sem telja fram

vaxtatekjur af skuldum og verðbréfum fækkar hins vegar um 11,1%, úr 6.841 í 6.088. Fjölskyldum sem töldu fram vaxtatekjur af útistandandi verðbréfum fjölgaði hins vegar mikið á milli árána 2003 og 2004. Við álagningu 2003 töldu 5.088 fjölskyldur fram vexti af útgefnum lánum og verðbréfum. Þeim fjölgaði því um 1.753 eða 34,5%, á milli árána 2003 og 2004.

Framtaldir vextir af skattfrjálsum verðbréfum hækkuðu einnig mikið eða um 49,9%. Vextir af skattfrjálsum verðbréfum voru nú rúmur 4,1 milljarður samanborið við tæpa 2,8 milljarða við álagningu í fyrra. Þá höfðu vextir af skattfrjálsum verðbréfum hækkað um 26,4% frá árinu þar á undan eða úr tæpum 2,2 milljörðum við álagningu árið 2003 í 2,8 milljarða árið 2004. Fjölskyldum sem telja fram vexti af skattfrjálsum verðbréfum fækkar hins vegar um 4,6%.

Vaxtatekjur af bankainnstæðum

hækkuðu nú um 1,3 milljarða eða um 17,8% frá því í fyrra. Nú voru framtaldir vaxtatekjur af bankainnstæðum tæpir 8,7 milljarðar en þær voru rúmir 7,3 milljarðar í fyrra. Vextir af bankainnstæðum hafa þó lækkað nokkuð á undanförunum árum. Fjölskyldum sem telja fram vexti af bankainnstæðum fjölgaði um 1.472 á milli ára eða 2,7%. Þær voru nú 55.360 en við álagningu í fyrra töldu 53.888 fjölskyldur fram vexti af innstæðum í bönkum.

Söluhagnaður hækkaði nú um tæpa tvo milljarða á milli ára, úr rúnum 34,7 milljörðum í rúma 36,7 milljarða. Þetta er aukning um 5,6% á milli ára. Þetta er mun minni hækkan söluhagnaðar en sést hefur á undanförunum árum en söluhagnaður hefur hækkað um 385,3% frá álagningu árið 2000 sem jafngildir rúmlega 37,2% árlegri hækkan. Tekjur af söluhagnaði hafa rúmlega tífaldast frá álagningu 1998, en þá voru tekjur af söluhagnaði tæpir 3,4 millj-

# Framtöl einstaklinga 2003 til 2005

## Eignir og skuldir einstaklinga

(í milljónum króna)	Eignir og skuldir					Fjöldi fjölskyldna með eignir				
	2003	2004	2005	Millj. kr.	%	2003	2004	2005	Fjöldi	%
Hrein eign skv. efnahagsreikningi	36.836	37.596	37.887	291	0,8%	9.063	8.901	8.395	-506	-5,7%
Eignarskattsfrjáls verðbréf	46.998	52.375	61.666	9.291	17,7%	15.961	15.151	14.318	-833	-5,5%
Ökutæki	102.698	107.243	116.527	9.284	8,7%	92.304	94.351	95.489	1.138	1,2%
Hlutabréf	47.868	47.106	43.385	-3.721	-7,9%	52.420	50.699	46.878	-3.821	-7,5%
Hlutabréf í erlendum félögum	3.124	3.769	3.770	1	0,0%	6.013	5.951	5.595	-356	-6,0%
Innlendar innstæður. ofl. skv sérl.	134.078	153.344	167.260	13.915	9,1%	54.161	55.433	56.725	1.292	2,3%
Innstæður í erlendum bönkum	1.289	1.371	1.184	-186	-13,6%	593	613	612	-1	-0,2%
Verðbréf, útistand. skuldir o.fl.	46.106	60.264	78.637	18.372	30,5%	14.470	14.720	17.948	3.228	21,9%
Aðrar eignir	5.934	7.111	8.826	1.715	24,1%	12.119	13.579	14.677	1.098	8,1%
Áætluð nettó eign, viðbót	32.937	24.514	38.459	13.946	56,9%	3.851	2.910	4.051	1.141	39,2%
Áætluð viðbót við stofn	4.945	3.668	5.767	2.099	57,2%	3.845	2.906	4.047	1.141	39,3%
Stofnsjóðsinneign	174	148	181	33	22,4%	2.437	2.370	2.228	-142	-6,0%
<b>Samtals:</b>	<b>462.986</b>	<b>498.508</b>	<b>563.548</b>	<b>65.040</b>	<b>13,0%</b>	*	*	*	*	*
Fasteignir	1.034.419	1.171.984	1.364.343	192.359	16,4%	88.198	90.581	91.418	837	0,9%
<b>Eignir alls</b>	<b>1.496.477</b>	<b>1.669.429</b>	<b>1.926.714</b>	<b>257.284</b>	<b>15,4%</b>	<b>125.683</b>	<b>127.146</b>	<b>128.864</b>	<b>1.718</b>	<b>1,4%</b>
Skuldir vegna íbúðakaupa	401.253	451.475	508.187	56.712	12,6%	66.749	69.137	69.400	263	0,4%
<b>Skuldir</b>	<b>586.488</b>	<b>656.779</b>	<b>756.837</b>	<b>100.058</b>	<b>15,2%</b>	<b>93.678</b>	<b>96.481</b>	<b>96.803</b>	<b>322</b>	<b>0,3%</b>
<b>Eignarskattstofn jákvæður</b>	<b>810.965</b>	<b>898.447</b>	<b>1.051.192</b>	<b>152.746</b>	<b>17,0%</b>	<b>96.442</b>	<b>98.419</b>	<b>101.242</b>	<b>2.823</b>	<b>2,9%</b>
Eignarskattstofn, neikvæður	57.023	60.169	70.006	9.837	16,3%	25.121	25.073	24.387	-686	-2,7%

\*Eignir hjóna og sambúðarfólks eru taldar fram sameiginlega og því vísa fjöldatölur til fjölda fjölskyldna sem telja fram eignir en ekki einstaklinga.

Skattar framteljenda sem hafa skilað ófullkomnu skattframtali, eða hafa vegna sérstakra aðstæðna ekki verið reiknaðir í álagningarkerfi ríkisskattstjóra, eru handreiknaðir af starfsmönnum skattstofa. Skattstofnar þessara framteljenda eru ýmist ekki fyrirbyggjandi eða ekki sambærilegir við skattstofna annarra framteljenda og er þeim því sleppt í töflunni hér að ofan. Upplýsingar byggja á skattframtölum einstaklinga og miðast þær við stöðu gagna strax að loknum framtalsskilum þ. 2. júlí, fyrir breytingar sem gerðar eru vegna kærumeðferða og síðbúinna framtalsskila.

arðar. Mest hefur söluhagnaður af hlutabréfum hækkað en söluhagnaður af hlutabréfum var nú 34,9 milljarðar, rúmlega 2,1 milljarði meiri en í fyrra. Hann hefur því hækkað um 6,5% á milli ára. Þrátt fyrir að söluhagnaður hækki tiltölulega lítið milli ára telja nú mun fleiri fjölskyldur fram söluhagnað af hlutabréfum eða um 29,1% fleiri en í fyrra. Nú töldu 11.434 fjölskyldur fram söluhagnað af hlutabréfum samanborið við 8.855 í fyrra. Þeim hefur því fjölgað um 2.579 á milli ára.

### Áætlanir

Skattstofnar og skattar 13.587 gjaldenda voru nú áætlaðir af skattstjórum en í fyrra voru skattar 10.225 gjaldenda áætlaðir af skattstjórum. Þeim sem ýmist skiluðu ekki framtali eða eru taldir

hafa vantalið tekjur fjölgaði því nú um 3.362 á milli ára eða 32,9%. Þessum gjaldendum voru nú áætlaðir 42,2 milljarðar í vantaldar tekjur og álag, tæpum 13,5 milljörðum meira en í fyrra. Áætlanir skattstjóra nú voru því 48,3% hærri en í fyrra. Að jafnaði hækka áætlaðar tekjur um 11,6% á milli ára en 32,9% hækkunar áætlana er til komin vegna þess að fleiri gjaldendum á skattgrunnskrá eru nú áætlaðar tekjur en í fyrra. Skattar rúmlega 5,8% framteljenda á grunnskrá voru nú áætlaðir samanborið við 4,5% í fyrra. Frá álagningu árið 2000 fram til ársins 2004 fækkaði þeim gjaldendum sem skattstjórar áætluðu tekjur stöðugt, en álagningarárið 2000 voru um 6% framteljenda á grunnskrá áætlaðar tekjur. Nú hefur hlutfall áætlana hins vegar hækkað aftur. Skýrist

aukningin af mikilli fjölgun erlendra starfsmanna sem fengið höfðu laun skv. staðgreiðsluskrá en höfðu ekki talið fram og að síðbúin framtöl sem náðu ekki inn í álagningarvinnslu voru nokkru fleiri en áður.

### Frádráttur og ívilnanir

Vægi séreignarlífeyrissparnaðar eykst enn á milli ára, en slíkur sparnaður hefur aukist stöðugt á undanförunum árum. Í ár var tekjuskatts- og útsvarsstofn lækkaður um rúma 7,6 milljarða vegna séreignarsparnaðar sem er um 826 milljónum eða 12,2% meira en í fyrra en þá var frádráttur vegna séreignarsparnaðar rúmlega 6,8 milljarðar og hafði þá hækkað um 17,2% frá fyrra ári, 36,1% á milli ársins þar á undan og 75,5% á milli álagninga 2001 og 2002.

# Opinber gjöld einstaklinga 2003 til 2005

	Álögð gjöld					Fjöldi gjaldenda				
	Upphæðir		Breytingar '04-'05			Fjöldi		Breytingar '04-'05		
(í milljónum króna)	2003	2004	2005	Millj. kr.	%	2003	2004	2005	Fjöldi	%
Almennur tekjuskattur	55.207	58.406	67.125	8.719	14,9%	142.975	148.466	157.687	9.221	6,2%
Sérstakur tekjuskattur	1.773	1.358	1.411	53	3,9%	14.589	14.986	17.456	2.470	16,5%
Fjármagnstekjuskattur	4.581	6.442	7.583	1.142	17,7%	74.436	76.924	77.080	156	0,2%
Tekjuskattar til ríkissjóðs alls	61.561	66.206	76.120	9.914	15,0%	*	*	*	*	*
Útsvar	59.995	63.043	69.048	6.005	9,5%	218.163	221.814	226.896	5.082	2,3%
<b>Tekjuskattar alls</b>	<b>121.556</b>	<b>129.248</b>	<b>145.167</b>	<b>15.919</b>	<b>12,3%</b>	*	*	*	*	*
Almennur eignarskattur	1.815	2.176	2.834	658	30,2%	65.173	69.495	75.588	6.093	8,8%
Sérstakur eignarskattur	-	-	-	-	-	-	-	-	-	-
<b>Eignarskattar alls</b>	<b>1.815</b>	<b>2.176</b>	<b>2.834</b>	<b>658</b>	<b>30,2%</b>	*	*	*	*	*
Gjald í framkv. aldr.	857	895	951	56	6,2%	157.593	160.520	165.704	5.184	3,2%
Önnur gjöld**	439	347	353	6	1,8%	*	*	*	*	*
Tryggingagjald	1.376	1.361	1.364	4	0,3%	21.897	20.589	19.856	-733	-3,6%
Samtals gjöld á einstaklinga	126.043	134.027	150.669	16.642	12,4%	*	*	*	*	*
-bætur sbr. neðangreint	10.375	10.307	10.210	-97	-0,9%	*	*	*	*	*
<b>Samtals gjöld - bætur</b>	<b>115.668</b>	<b>123.720</b>	<b>140.459</b>	<b>16.739</b>	<b>13,5%</b>	*	*	*	*	*
<b>Bætur:**</b>										
Barnabætur	5.002	5.133	5.035	-97	-1,9%	55.123	55.412	53.871	-1.541	-2,8%
Vaxtabætur	5.373	5.174	5.174	0	0,0%	56.158	57.888	53.983	-3.905	-6,7%
Samtals bætur	10.375	10.307	10.210	-97	-0,9%	*	*	*	*	*
<b>Skattaávilnanir:</b>										
Sjómannaafláttur, dagar í þús.	1.796	1.738	1.698	-40	-2,3%	*	*	*	*	*
Sjómannaafláttur	1.267	1.254	1.256	2	0,1%	7.464	7.119	7.059	-60	-0,8%
Frádráttur v. fjárfestingar í hlutab.	636	-	-	-	-	5.518	-	-	-	-
Fjöldi á grunnskrá						226.462	229.665	234.437	4.772	2,1%

\*Önnur gjöld eru slysatryggingagjald vegna heimilisstarfa, iðnaðarmálagjald og búnaðargjald.

Nú nýttu 83.400 gjaldendur sér rétt til að draga lífeyrissparnað í séreignarlífeyrissjóð frá skattstofni, eða 8,2% fleiri en í fyrra. Nú greiðir um helmingur þeirra sem greiða iðgjald vegna skyldu-aðildar að lífeyrissjóði einnig í séreignarsjóð.

Frádráttur vegna skylduiðgjalds í almennan lífeyrissjóð helst nokkurn veginn í hendur við launapróun frá ári til árs. Nú greiddu 166.060 manns iðgjald í almennan lífeyrissjóð, en slíkt gerðu 165.752 gjaldendur í fyrra. Heildarfrádráttur var rúmum 16,5 milljarðar sem er rúmum 975 milljónum meira en í fyrra og hefur því hækkað um 6,3% á milli ára.

## Tekjuskattar

Tekjuskattar hækkuðu nú um 12,3% á

milli ára, nokkru meira en skattskyldar tekjur sem hækkuðu um 9,9% á milli ára. Tekjuskattar sem renna í ríkissjóð hækkuðu nú um tæpa 9,9 milljarða, eða 15,0%, rúmlega helmingi meira en í fyrra en þá hækkuðu þeir um 4,6 milljarða á milli ára sem var þá 7,5% hækkan miðað við árið á undan. Tekjuskattar sem renna til ríkisins voru nú 76,1 milljarður samanborið við 66,2 milljarða í fyrra. Almennur tekjuskattur hækkaði nokkuð eða um rúma 8,7 milljarða, úr rúmum 58,4 milljörðum í 67,1 milljarð, eða um 14,9%. Þetta er mun meiri hækkan á milli ára en í fyrra en þá hækkaði almennur tekjuskattur um rúma 3,2 milljarða, úr rúmum 55,2 milljörðum í 58,4 milljarða.

Skatthlutfall almenns tekjuskatts var nú óbreytt á milli ára 25,75% en per-

sónuafsláttur hækkaði úr 321.900 kr. í 329.948 kr. og hækkuðu skattleysismörk í staðgreiðslu því um 2,4% á milli ára. Þau voru nú 855.231 en miðuðust við 835.019 krónur á ári í fyrra. Skattleysismörk hækkuðu nú minna á milli ára en í fyrra en þau hækkuðu um 3,14% á milli árána 2003 og 2004. Ríkið innheimtir nú tekjuskatt af 157.687 gjaldendum, sem er 9.221 fleiri en í fyrra, en þá var lagður tekjuskattur á 148.466 gjaldendur. Gjaldendum tekjuskatts fjölgaði því um 6,2% á milli ára, talsvert hraðar en framteljendum á skattgrunnskrá sem fjölgaði úr 229.665 í 234.437, eða um 2,1% á milli ára. Hluti álagningar er byggður á áætlunum skattstjóra. Það er því viðbúið að tekjuskattur lækki þegar frá líður.

Nú voru rúmlega 1,4 milljarðar sér-






stakur tekjuskattur lagður á tekjuskattsstofn einstaklinga yfir 4.191.686 kr. en í fyrra var sérstakur tekjuskattur lagður á hærri tekjuskattsstofn en 4.089.450 kr. hjá einstaklingi og tvöföldum þessum mörkum hjá hjónum og samsköttuðu sambúðarfólki. Skatturinn hélst nú nær óbreyttur þrátt fyrir að skatthlutfallið hafi lækkað um 20% eða úr 5% í 4%. Skattstofn sérstaks tekjuskatts hækkaði úr rúmum 27,2 milljörðum í 35,3 milljarða, eða um rúm 29%, talsvert meira en laun, hlunnindi og lífeyrir. Þeim sem sérstakur tekjuskattur er lagður á fjölgaði um 2.470 eða 16,5% frá því í fyrra. Nú var lagður sérstakur tekjuskattur á 17.456 gjaldendur eða 8% gjaldenda með útsvarsskyldar tekjur, en í fyrra var skatturinn lagður á 14.986 gjaldendur eða 7% gjaldenda með útsvarsskyldar tekjur. Aldrei síðan skatturinn var tekinn upp árið 1993 hefur jafn stórum hluta framteljenda verið gert að greiða sérstakan tekjuskatt af tekjum sínum.

Útsvar sem rennur til sveitarfélaga er nú rétt rúmum 69 milljarðar. Það var rúmum 63 milljarðar í fyrra og hefur það því hækkað um rúma sex milljarða á milli ára eða 9,5%. Útsvar hækkar nokkru meira en skattstofninn, en sem áður segir hækkaði tekjuskatts- og útsvarstofn um 9% á milli ára. Hækkun útsvars endurspeglar hækkingu tekjur en meðalútsvar í staðgreiðslu hélst nær óbreytt á milli ára, hækkaði úr 12,80% á tekjur ársins 2003 í 12,83% á tekjur ársins 2004, eða um 0,23%.

### Eignir og skuldir

Landsmenn töldu nú fram 1.926,7 milljarða eign á framtölum ársins 2005 sem er tæpum 257,3 milljörðum meira en í fyrra en þá voru framtaldar eignir alls 1.669,4 milljarðar. Eignir jukust um 15,4% á milli ára sem er talsvert meiri aukning en á milli framtala árána 2003 og 2004, en þá jukust eignir um 11,6% á milli ára og á milli álagningaráranna 2002 og 2003, en þá jukust eignir um 6,5%.

Af einstökum eignaliðum hækkuðu fasteignir mest, eða um tæpa 192,4 milljarða, sem er 16,4% hækking. Rúmlega 70,8% eigna einstaklinga eru nú



bundnar í fasteignum sem þýðir að lítil hækking fasteignamats getur haft verulega mikil áhrif á eignarskattsstofn fjölda einstaklinga. Um síðustu áramót

var matsverð fasteigna í landinu rúmlega 1.364,3 milljarðar en skuldir vegna kaupa á fasteignum voru tæpir 508,2 milljarðar. Framtaldar skuldir vegna

kaupa á íbúðarhúsnæði jukust nú um rúma 56,7 milljarða frá því í fyrra, eða um 12,6% sem er svipuð hlutfalls- hækun og var í fyrra. Þær voru nú 508,2 milljarðar skv. framtölum en 451,5 milljarðar við álagningu 2004. Skuldir vegna íbúðarhúsnæðis vega nú sem fyrr þyngst skulda einstaklinga en 67,1% skulda einstaklinga eru skuldir vegna húsnæðisakaupa. Heildarskuldir einstaklinga hafa aukist um rúma 100 milljarða á milli ára eða 15,2%. Þær voru nú rúmir 756,8 milljarðar en tæpir 656,8 milljarðar í fyrra. Um 56,7% skuldaaukningarinnar er vegna húsnæðisakaupa sem er talsvert minna en síðastliðin ár en um 71,4% skuldaaukningar á árinu 2003, og 80% skuldaaukningar á árinu 2002 til 2003 mátti rekja til skulda vegna kaupa á íbúðarhúsnæði.

Af öðrum eigna- og skuldaliðum vega innstæður í bönkum þyngst en um síðastliðin áramót áttu einstaklingar 167,3 milljarða í innlendum bankainnstæðum sem er rúmum 13,9 milljörðum meira en á sama tíma í fyrra. Innstæður hækkuðu um 9,1% á milli ára. Það er eftirtektarvert hversu mikið innlendar innstæður hafa aukist á undanförunum árum. Frá álagningarárinu 2000 hafa innstæður landsmanna í bönkum hér á landi vaxið um tæplega 96,2%.

Eignir í verðbréfum og útistandandi skuldum voru nú 78,6 milljarðar og hafa þær aukist um tæpa 18,4 milljarða á milli ára eða 30,5%. Ástæðu mikillar hækunar kann að vera að leita í mikilli eignaaukningu, háu fasteignaverði og háu verði á hlutabréfum. Mikið lausafé er í umferð sem kann að vera fjárfest í verðbréfum þar sem lítið er um aðra fjárfestingakosti.

Nafnverð hlutabréfaeignar lækkar enn nokkuð fjórða árið í röð. Nú eiga einstaklingar tæpa 43,4 milljarða að nafnvirði í hlutabréfum, eða rúmum 3,7 milljörðum minna en í fyrra. Þetta er lækkun um 7,9% á milli ára. Nafnvirði hlutabréfa skv. framtölum 2000 var 44,8 milljarðar, 2001 var það 50,1 milljarðar en lækkaði síðan í 49,1 milljarðar á framtölum 2002 - 2003. Fjölskyldum sem telja fram hlutabréf fækkar um 3.821 frá því í fyrra eða um 7,5%. Nú

telja 46.878 fjölskyldur fram hlutabréf. Það að færri einstaklingar telja fram hlutabréf á framtali kann að gefa til kynna að hlutabréf séu í auknum mæli að flytjast úr eigu einstaklinga til lög- aðila.

Verðmæti ökutækja hækkaði um tæpa 9,3 milljarða á milli ára, í um 116,5 milljarða eða um 8,7%. Í fyrra jókst eign landsmanna í ökutækjum um 4,5 milljarða frá framtalsárinu 2003 eða um 4,4%, sem markaði þá nokkur umskipti frá því í lok árs 2002, en þá lækkaði eign í ökutækjum um 776 milljónir frá fyrra ári. Hafa þarf í huga að framtalið verð bifreiða er almennt fært niður um 10% milli ára.

Fjölskyldum með neikvæða eignastöðu fækkar aftur lítillega á milli ára. Þær voru 25.073 í fyrra en nú töldu 24.387 fjölskyldur fram hærri skuldir en eignir. Fjölskyldum sem eiga minna skv. skattframtölum en þær skulda hefur því fækkað um 686 á milli ára eða um 2,7%. Skuldir framteljenda sem skulda meira en þeir eiga jukust um 16,3% á milli ára. Þær voru rúmir 70 milljarðar skv. framtölum nú en voru tæpar 60,2 milljónir í fyrra. Hér verður að hafa í huga að eign í hlutabréfum er talin fram á nafnverði sem kann að vera allt annað en nemur markaðsvirði eignarinnar. Neikvæður eignarskattsstofn þarf því ekki að gefa til kynna að framteljendur séu í fjárhagsvandráðum.

Nú voru lagðir rúmir 2,8 milljarðar í skatt á skuldlausar eignir einhleypinga umfram 4.983.140 kr. og tvöföldum þessum eignamörkum hjá hjónum og samsköttuðu sambúðarfólki. Við álagningu í fyrra voru lagðir 2,2 milljarðar á í skatt á skuldlausar eignir einhleypinga umfram 4.838.000 kr. og tvöföldum þessum mörkum hjá hjónum og samsköttuðu sambúðarfólki. Frieignamörk hækkuðu því um 145.140 kr. eða 3% á sama tíma og eignarskattsstofn hækkaði um 17%. Hækkun eignarskattsstofns leiddi því til þess að eignarskattur hækkaði um 658 milljónir eða 30,2% á milli ára. Alls var eignarskattur lagður á 75.588 fjölskyldur, 6.093 fleiri en í fyrra. Þeim fjölgar því nokkuð sem eiga eignir umfram mörk og þurfa því að gjalda ríkinu skatt af eignum sínum.

Hækkun á matsverði fasteigna skiptir hér sköpum þar sem fasteignir eru stærsti einstaki eignaliðurinn. Nú var eignarskattur lagður á 32,2% gjaldenda á grunnskrá, heldur fleiri en í fyrra en þá var lagður eignarskattur á 30,3% gjaldenda á grunnskrá. Þetta er í síðasta sinn sem skattur er lagður á eignir einstaklinga.

## Afslættir og bætur

Persónuafsláttur var nú um 73,7 milljarðar, rúmum 2,9 milljörðum hærri en í fyrra, og hefur hann því hækkað um 4,2% á milli ára. Rúmlega 4,6 milljarðar voru ekki nýttir til greiðslu opinberra gjalda. Gjaldendur nýttu nú rúmlega 64,6 milljarða til greiðslu tekjuskatts og rúmlega 4,6 milljarða til greiðslu útsvars. Framteljendum sem nýta persónuafslátt til greiðslu útsvars fækkar enn eða um 4.135 en þeir voru 66.881 nú en 71.016 í fyrra. Sjómannaafsláttur var nú því sem næst óbreyttur frá því í fyrra, 1.256 milljónir, en þeim sem nýta sjómannaafslátt fækkaði hins vegar um 60.

Barnabætur voru nú rúmir fimm milljarðar og lækkuðu um 97 milljónir á milli ára eða 1,9%. Foreldrum sem fá greiddar bætur fækkaði um 1.541 eða um 2,8% frá fyrra ári. Þeir voru nú 53.871 en voru 55.412 í fyrra.

Þrátt fyrir miklar svingingar á fasteignamarkaði og breytingar á vaxtabótakerfinu voru vaxtabætur nú óbreyttar frá því í fyrra, eða tæpir 5,2 milljarðar. Hámark vaxtagjalda til útreiknings bóta miðaðist nú við 5,5% af skuldum vegna kaupa á íbúðarhúsnæði í stað 7% áður. Þeim sem fá greiddar bætur fækkar hins vegar um 3.905 á milli ára eða um 6,7%. Þeir voru 57.888 í fyrra en nú voru 53.983 gjaldendum reiknaðar vaxtabætur vegna kaupa á íbúðarhúsnæði. Hafa þarf í huga að framteljendum sem eru áætlaðar tekjur eru hvorki reiknaðar barna- né vaxtabætur.



# ÚRSKURÐIR

## Úrskurðir yfirskattanefndar



BJARNI AMBY  
LÁRÚSSON

Erfðafjárskattur. Matsverð fasteignar. Kærufrestur til yfirskattanefndar. Heimvísun til sýslumanns. ÚY nr. 40/2005.

Í málinu var uppi ágreiningur um ákvörðun erfðafjárskatts. Vildu erfingjar miða skattstofn erfðafjárskatts við söluverð fasteignar (kr. 17.200.000) að frádregnum kostnaði en sýslumaður miðaði við fasteignamatsverð (kr. 17.448.000).

Í úrskurði sínum fjallar yfirskattanefnd (YSKN) um kærueheimildir til nefndarinnar og telur ótvírætt að um ákvarðanir sýslumanna gildi 30 daga kærufrestur en um ákvarðanir skattstjóra þriggja mánaða kærufrestur. YSKN miðar upphafsdag kærufrests í málinu við þann dag er erfðafjárskýrsla var greiðslustimpluð af sýslumanni enda lá ekki fyrir nein tilkynning af hendi sýslumanns um áritun erfðafjárskýrslu eða ákvörðun erfðafjárskatts. Kæran barst YSKN u.þ.b. mánuði of seint en með tilliti til þess að ekki varð séð að kærendum hefðu verið veittar kæruleiðbeiningar vegna ákvörðunar sýslumanns taldi nefndin rétt að taka kærana til meðferðar. YSKN taldi að málsmeðferð hjá sýslumanni hefði ekki verið í samræmi við ákvæði laga nr. 14/2004, um erfðafjárskatt, ekkert skriflegt lá fyrir í málinu annað en áritun á erfðafjárskýrslu. Málinu var því vísað heim til sýslumanns á grundvelli 12. gr. laga nr. 30/1992, um yfirskattanefnd, og lagt fyrir sýslumann að leysa úr málinu í samræmi við 4. mgr. 7. gr. laga nr. 14/2004.

Staðgreiðsla opinberra gjalda og tryggingagjald. Útibú erlends hlutafélags á Íslandi - verktaki við virkjunarframkvæmdir, starfsmannaleigur. ÚY nr. 95/2005.

Kærandi í máli þessu var útibú erlends hlutafélags og verktaki við virkjunarframkvæmdir hér á landi. Í málinu var deilt um hvort kæranda bæri að standa skil á staðgreiðslu opinberra gjalda, þ.m.t. staðgreiðslu tryggingagjalds, af launagreiðslum til erlendra starfsmanna sem starfað höfðu við verkefni kæranda hér á landi á tímabilinu september 2003 til og með janúar 2004, en skattstjóri hafði endurákræðið skilaskylda staðgreiðslu kæranda vegna launagreiðslna á þessu tímabili. Af hálfu kæranda var því haldið fram að kæranda bæri ekki að inna af hendi staðgreiðslu af umræddum launagreiðslum þar sem annars vegar væri um að ræða starfsmenn höfuðstöðva útibúsins á Ítalíu, sem sendir hefðu verið hingað til lands til starfa við verkefni kæranda, og hins vegar starfsmenn frá portúgölskum starfsmannaleigum sem ráðstafað hefði verið til starfa í þágu kæranda á grundvelli samninga um útleigu á vinnuafli. Kærandi teldist því ekki launagreiðandi umræddra starfsmanna í skilningi laga nr. 45/1987, um staðgreiðslu opinberra gjalda, heldur höfuðstöðvar útibúsins á Ítalíu annars vegar og portúgölsku starfsmannaleigurnar hins vegar.

Í úrskurði YSKN var bent á að kærandi væri útibú erlends hlutafélags sem bæri takmarkaða skattskyldu hér á landi vegna starfsemi kæranda og væri kærandi skráður á launagreiðendaskrá vegna starfsemi hins erlenda félags hér á landi. Var fallist á með skattstjóra að kærandi teldist launagreiðandi vegna allra starfsmanna hins erlenda félags,

sem á annað borð bæru takmarkaða skattskyldu hér á landi vegna starfa við verkefni kæranda, án tillits til þess hvort viðkomandi starfsmenn hefðu verið ráðnir til þeirra starfa af kæranda sjálfum eða höfuðstöðvum útibúsins á Ítalíu.

Að því er varðar starfsmenn frá portúgölskum starfsmannaleigufyrirtækjum rakti YSKN í úrskurði sínum breytingar á lögum um tekjuskatt og eignarskatt sem gerðar voru með lögum nr. 145/1995 og lutu að alþjóðlegri útleigu vinnuafls. Með hliðsjón af aðdraganda að þeim lagabreytingum og sjónarmiðum í lögskýringargögnum taldi nefndin að við úrlausn þess hver teldist launagreiðandi útleigðra starfsmanna í skilningi staðgreiðslulaga nr. 45/1987 væri rétt að líta til almennra ákvæða tvísköttunarsamninga og viðtekinnar túlkunar þeirra á alþjóðlegum vettvangi með tilliti til útleigu vinnuafls, m.a. samkvæmt því sem ráðið yrði af athugasemdum við samningsfyrirmynd OECD. Samkvæmt þeim athugasemdum þætti ljóst að sá aðili, sem notaði útleigða starfsmenn í starfsemi sinni (leigutaki), gæti við ákveðnar aðstæður talist vinnuveitandi í skilningi almennra ákvæða tvísköttunarsamninga varðandi launuð störf. Væri þá litið svo á að sá aðili, sem ætti rétt á vinnuframlagi starfsmannanna og bæri ábyrgð og áhættu af árangri vinnu þeirra, gæti talist vinnuveitandi í skilningi samningsfyrirmynda OECD. YSKN tók fram að kærandi bæri ábyrgð og áhættu af verkefni sínu hér á landi og færi með stjórnunar- og verkstjórnarvald yfir hinum útleigðu starfsmönnum og þeir inntu störf sín af hendi á framkvæmdasvæði sem væri undir stjórn og á ábyrgð kæranda. Þá tæki greiðsla kæranda til hinna portúgölsku starfsmannaleigufyrirtækja fyrir veitta þjón-

ustu fyrst og fremst mið af vinnumagni, þ.e. vinnustundafjölda starfsmanna, auk þess sem kærandi réði fjölda starfsmanna sem ráðstafað væri til starfa í hans þágu hverju sinni og bæri allan kostnað vegna ferða þeirra, bæði ferða til og frá landinu og ferða innanlands, og ýmsan kostnað vegna dvalar þeirra hér á landi. Ennfremur hefði kærandi með samkomulagi við stéttarfélag og samningum sínum við hinar portúgölsku starfsmannaleigur tekist á hendur tiltekna ábyrgð á launagreiðslum til umræddra starfsmanna. Var fallist á með skattstjóra og ríkisskattstjóra að kærandi teldist launagreiðandi hinna útleigðu starfsmanna í skilningi staðgreiðslulaga nr. 45/1987.

Af hálfu kæranda var jafnframt byggt á því í málinu að engin skylda væri fyrir hendi til þess að standa skil á staðgreiðslu af hinum umdeildu launagreiðslum hér á landi þar sem skattlagningarréttur vegna þessara greiðslna væri ekki hér á landi heldur erlendis samkvæmt ákvæðum tvísköttunarsamninga Íslands við Ítalíu og Portúgal. Af þessu tilefni var tekið fram í úrskurði YSKN að tvísköttunarsamningar, sem gerðir hefðu verið á grundvelli heimilda í lögum um tekjuskatt og eignarskatt, vörðuðu samkvæmt efni sínu álagningu skatta á aðila sem væru heimilisfastir í öðru eða báðum (öllum) samningsríkjum. Innheimta skatta félli hins vegar almennt fyrir utan gildissvið slíkra samninga, enda væri að finna sérstaka heimild fyrir ríkisstjórnina í lögum um tekjuskatt og eignarskatt til þess að gera samninga við önnur ríki um innheimtu opinberra gjalda og um gagnkvæm upplýsingaskipti. Þá kom fram að staðgreiðslulög nr. 45/1987 væru afdráttarlaus um skyldu launagreiðanda til að standa skil á staðgreiðslu af launagreiðslum til manna sem bæru takmarkaða skattskyldu vegna starfa hér á landi og að í lögum væru engin ákvæði sem tækju sérstaklega til tvísköttunarsamninga eða fjölluðu um þýðingu þeirra með til-

liti til staðgreiðslu. Með vísan til þessa og þegar jafnframt væri litið til eðlis staðgreiðslu sem bráðabirgðagreiðslu tekjuskatts og útsvars launamanna á tekjuári taldi YSKN að kæranda hefði borið að sinna staðgreiðsluskyldum vegna hinna umdeildu launagreiðslna til erlendra starfsmanna hvað sem liði álitafnum um skattlagningarrétt vegna umræddra tekna samkvæmt ákvæðum tvísköttunarsamninga. Var þá ekki þörf á því að fjalla frekar um álitafni varðandi beitingu tvísköttunarsamninga í tilviki hlutaðeigandi starfsmanna. Var talið að skattstjóra hefði verið rétt að áætla skilaskylda staðgreiðslu kæranda vegna þeirra greiðslutímabila sem málið varðaði. Hins vegar var áætlun skattstjóra vegna launa í janúar 2004 lækkuð að álitum þar sem áætlunarfjárhæð vegna þess mánaðar þótti nokkuð um skör fram miðað við fyrirbyggjandi gögn málsins.

Í málinu var sérstaklega deilt um skyldu kæranda til að greiða tryggingagjald af hinum umdeildu launagreiðslum. YSKN hafnaði því sjónarmiði kæranda, sem einkum var stutt vísan til hæstaréttardóms frá 26. nóvember 1998 (H 1998:3957), að gjaldskylda til tryggingagjalds væri bundin við launagreiðslur til manna sem bæru ótakmarkaða skattskyldu hér á landi samkvæmt 1. gr. laga nr. 90/2003, um tekjuskatt og eignarskatt (TSKL). Á hinn bóginn féllst YSKN á með kæranda að skýra bæri lög nr. 113/1990, um tryggingagjald, til samræmis við ákvæði samningsins um Evrópska efnahagssvæðið (EES-samningsins) þannig að kærandi yrði ekki að lögum krafinn um tryggingagjald af launagreiðslum til erlendra starfsmanna sem ekki væru tryggðir hér á landi samkvæmt ákvæðum reglugerðar ráðsins nr. 1408/71/EBE, um beitingu almannatryggingareglna gagnvart launþegum, sjálfstætt starfandi einstaklingum og aðstandendum þeirra sem flytjast á milli aðildarríkja. Vísaði YSKN í því sambandi m.a. til tilgreindra dóma

dómstóls EB og túlkunarviðhorfa í dómi Hæstaréttar Íslands frá 15. maí 2003 í málinu nr. 477/2002. Var og tekið fram að reglugerð nr. 1408/71/EBE hefði verið tekin upp í landsrétt í samræmi við ákvæði 7. gr. EES-samningsins. Kröfu kæranda varðandi þennan þátt málsins, sem laut að því að hundraðshluti tryggingagjalds af vinnulaunum til erlendra starfsmanna yrði lækkaður, var hins vegar vísað frá YSKN að svo stöddu, m.a. þar sem ekki varð annað ráðið af gögnum málsins en að fjöldi erlendra starfsmanna á vegum kæranda kynni að heyra undir almannatryggingalöggjöf hér á landi samkvæmt fyrrgreindri reglugerð nr. 1408/71/EBE og þar sem kærandi hafði ekki gert skilmerkilega grein fyrir útgáfu svokallaðra E-101 vottorða vegna hlutaðeigandi starfsmanna.

Kröfu kæranda um niðurfellingu álags á vangreidda staðgreiðslu var hafnað.

Opinber gjöld og virðisaukaskattur. Íbúðarhúsnæði - einkanot, fyrnanlegar eignir.

ÚY nr. 99/2005.

Skattstjóri lækkaði/felldi niður gjaldfærðar fyrningar og rekstrarkostnað/innskatt vegna íbúðarhúsnæðis í eigu kæranda, félags sem að rak raftækjaverkstæði. Fasteignin var keypt af eiganda 90% hlutafjár í félaginu en hún var síðan leigð til hans og eigin konu hans. Skattstjóri taldi að ekki yrði annað séð en að fasteignin hefði nær eingöngu verið ætluð til einkanota, þrátt fyrir einhverja verkstæðisaðstöðu í hluta hennar. Ekki yrði komið auga á þörf fyrir slíka fjárfestingu í rekstrarlegum tilgangi og húsaleigutekjurnar virtust ekki taka mið af markaðsleigu og stæðu þær ekki undir kostnaði vegna kaupanna. Skattstjóri leit svo á að ekki væri um fyrnanlega eign kæranda að ræða. Jafnframt taldi skattstjóri að viðskiptin teldust til óvenjulegra viðskipta í fjármálum, sbr. 1. mgr. 57. gr. TSKL (núgildandi). Skattstjóri hróflaði



hins vegar ekki við eignfærslu fasteignarinnar.

YSKN taldi að ekki yrði séð að húsnæðið gæti talist fyrnanleg eign, hvorki að öllu leyti né að hluta til og kostnaður við rekstur eignarinnar teldist frádráttarþær rekstrarkostnaður. Ekki var talið að leigugreiðslurnar hefðu þýðingu við úrlausn málsins. Hvað varakröfu kæranda varðaði, um að hluti fasteignarinnar yrði talin til fyrnanlegrar eignar hans, þá taldi nefndin að ekkert lægi fyrir um að hluta húsnæðisins hafi verið breytt í atvinnuhúsnæði þannig að til álita kæmi að virða þann hluta sem fyrnanlega eign. Var því bæði aðalkröfu og varakröfu kæranda hafnað.

Opinber gjöld - vaxtabætur.

Sumarbústaður - íbúðarhúsnæði til eigin nota, lögheimili, skráning í fasteignamatsskrá. ÚY nr. 125/2005.

Skattstjóri synjaði kæranda um vaxtabætur og byggði á því að húsnæði kæranda væri skráð sem sumarhús í fasteignamatsskrá. Skattstjóri taldi að ekki væru uppfyllt lagaskilyrði 1. mgr. B-liðar 69. gr. laga nr. 75/1981 (nú 68. gr. laga nr. 90/2003) um íbúðarhúsnæði til eigin nota.

YSKN vísaði til þess að óumdeilt væri að kærandi ætti lögheimili í sumarhúsnæði svo og að vegna skipulagsmála hafi Kópavogsbær ekki viljað hrófla við skráningu eigna á svæðinu sem sumarhúsa. Nefndin taldi að skráning í fasteignamatsskrá væri byggð á þeim grundvelli sem markaður væri með ákvörðunum skv. skipulags- og byggingarlögum nr. 73/1997 og reglugerðum þar um. Fyrir lægi að umrætt húsnæði væri á byggingarsvæði íbúðarbyggðar. Að því sögðu þætti ekki varhugavert að telja umrætt húsnæði til íbúðarhúsnæðis í skilningi TSKL og reglugerðar nr. 990/2001, um greiðslu vaxtabóta. Krafa kæranda var því tekin til greina.

Erfðafjárskattur - lagaskil.

Frávísun. ÚY nr. 151/2005.

Í málinu var uppi ágreiningur um laga-skil eldri og yngri laga um erfðafjárskatt, þ.e. laga nr. 83/1984 annars vegar og laga nr. 14/2004 hins vegar. Arfleifandi lést 16. maí 2003. Gerði kærandi kröfu um að erfðafjárskattur vegna arfs úr dánarbúinu yrði ekki lagður á kæranda þar sem lög nr. 83/1984 hafi verið felld úr gildi með lögum nr. 14/2004, áður en til skiptaloka kom, en

erfðafjárskýrsla var afhent sýslumanni 28. júní 2004. Þessu sjónarmiði til stuðnings var vísað til dóms Hæstaréttar frá 2. desember 2004, í málinu nr. 465/2004.

Í úrskurði YSKN er vísað til þess að á andlátsdegi arfleifanda hafi lög nr. 83/1984 verið í gildi. Þau lög hafi verið felld úr gildi með lögum nr. 14/2004 og hafi lögin öðlast gildi 1. apríl sama ár og tækju til skipta á dánarbúum þeirra sem önduðust þann dag eða síðar og hafi lög nr. 83/1984 verið felld úr gildi frá sama tíma. Með lögum nr. 15/2004, um breytingu á lögum nr. 14/2004, hafi eftirfarandi ákvæði til bráðabirgða verið bætt við lög nr. 14/2004: „Ákvæði laga nr. 83/1984, um erfðafjárskatt, með síðari breytingum, skulu gilda um skipti á dánarbúum þeirra sem önduðust fyrir 1. apríl 2004, sbr. þó ákvæði 3. máls. 21. gr. laga þessara." Breytingalögin voru birt í Stjórnartíðindum 20. apríl 2004 og tóku þegar gildi. Nefndin komst því að þeirri niðurstöðu að lög nr. 83/1984 hafi gilt um skipti á dánarbúi arfleifanda og í þeim lögum væri engri málskotsheimild til YSKN til að dreifa. Var kærinni því vísað frá nefndinni.

# KRÓATÍA

## Króatía



GUÐRÚN ÁSTA  
SIGURÐARDÓTTIR

Samningaviðræður um tvísköttunar-samning á milli Íslands og Króatíu eru nýhafnar.

Af því tilefni verður hér gerð grein fyrir helstu skattlagningarreglum sem gilda um heimilisfasta lögaðila og einstaklinga í Króatíu ásamt því að fjalla stuttlega um þær reglur sem gilda um takmarkaða skattskyldu.

Tilgreindar fjárhæðir miðast við gjaldárið 2003. Fjárhæðir eru í króatískri kuna (HRK) og er gengi hennar 11,00 krónur.

### Skattar:

Lögaðilar greiða tekjuskatt til ríkisins og tryggingagjald. Einstaklingar greiða tekjuskatt til ríkisins og gjafa- og erfðaskatt. Þá greiða launþegar einnig tryggingagjald og skatt til sveitarfélags. Virðisaukaskattur er lagður á vörusölu og þjónustu.

### Lögaðilar:

Skattskyldir lögaðilar eru m.a. hlutafélög í almennings- og einkaeign og aðrir aðilar sem stunda viðskipti með hagnaðarmarkmið. Lögaðili telst heimilisfastur ef hann er skráður í Króatíu eða

ef raunveruleg stjórn hans er staðsett þar.

Heimilisfastir lögaðilar eru skattskyldir af öllum tekjum sínum og er tekjuhugtakið vítt og tekur m.a. til söluhagnaðar. Rekstrarkostnaðarhugtakið er líkt því sem er hér á landi - en til rekstrarkostnaðar telst sá kostnaður sem er nauðsynlegur til að afla, tryggja og viðhalda tekjum. Undir rekstrarkostnað fellur ýmis starfsmannatengdur kostnaður, s.s. eftirlaunagreiðslur, heilsu-, slysa- og líftryggingar, fæði, bifreiðakostnaður og önnur hlunnindi. Þóknanir eru almennt frádráttarbærar sem og vextir. Ekki má draga frá tekjum lögaðila greiddan arð eða aðra ráðstöfun hagnaðar.

Rekstrartöp má færa á móti tekjum í fimm ár.

Tekjuskattshlutfall lögaðila er 20%.

Söluhagnaður er skattlagður eins og venjulegur hagnaður.

Skattárið er almanaksárið. Frestur til að skila framtali er fjórir mánuðir. Skattur er fyrirframgreiddur mánaðarlega og er tekið mið af skattframtali fyrra árs.

Ekki er hægt að fá bindandi álit frá skattyfirvöldum.

Ekki er sérstök löggjöf um magra eiginfjármögnun eða CFC.

Tryggingargjald er 17,2%.

Takmörkuð skattskylda hvílir á fyrirtækjum sem stunda viðskipti gegnum fasta starfsstöð í Króatíu. Að meginstofni til gilda sömu skattlagningar-

reglur fyrir lögaðila sem eru með takmarkaða skattskyldu og fyrir lögaðila með fulla og ótakmarkaða skattskyldu. 15% afdráttarskattur er lagður á vexti, hagnað, höfundarlaun og greiðslur fyrir þjónustu sem greiddar eru erlendum aðilum.

### Einstaklingar:

Einstaklingur er talinn með búsetu í Króatíu ef hann hefur dvelur þar að staðaldri eða tímabundið (í 183 daga).

Hjón eru skattlögð sitt í hvoru lagi.

Tekjum er skipt í fjóra flokka: launatekjur; tekjur af sjálfstæðri starfsemi; tekjur af fasteignum; höfundarlaun og fjármagnstekjur. Skattstofninn er sam-anlagðar tekjur allra flokka að frádregnum heimiluðum frádrætti í hverjum flokki fyrir sig, sbr. hér síðar. Tekjur sem eru undanþegnar skattlagningu eru ákveðnar tegundir vaxtatekna, tryggingabætur vegna einstaklinga og eigna og lífeyrisgreiðslur sem greiddar eru frá öðru landi.

Launahugtakið er mjög vítt og tekur til alls endurgjalds fyrir vinnu, hvort sem greitt er með peningum eða í fríðu.

Stjórnarlaun eru skattlögð sem laun.

Söluhagnaður eigna sem ekki tengjast atvinnurekstri er ekki skattskyldur ef eignarhaldstíminn hefur verið þrjú ár, en 2 ár hafi eigandi eða fjölskylda hans búið í eigninni.

Grunnpersónuafsláttur er HRK 1.500 fyrir einstaklinga en HRK 2.550

fyrir eftirlaunabega. Ýmis atriði geta þó haft áhrif á þessa fjárhæð til hækunar s.s. fjölskyldustærð og búseta á svæðum sem urðu illa úti í stríðinu á Balkanskaga.

Tekjuskattshlutfallið er stighækkandi 15 - 45%. Staðgreiðsla er tekin af arði og annarri hlutdeild í hagnaði, sem og skattskyldum vöxtum. Þá eru launagreiðendur skyldugir til að halda eftir staðgreiðslu af launum sem er bráðabirgðagreiðsla upp í væntanlega álagningu tekjuskatts. Þá er lagt á trygginga-

gjald, 20%, á alla launbega. Sveitarfélög hafa heimild til að setja álag á tekjuskattinn, á milli 10% og 30% og miðast það við fjölda íbúa sveitarfélaga.

Framtölum ber að skila fyrir 28. febrúar ár hvert og ekki er kveðið á um hvenær álagningu skuli vera lokið. Gjaldtagi er 15 dögum eftir að tilkynnt hefur verið um álagningu.

Reglur um skattlagningu einstaklinga með takmarkaða skattskyldu eru eins og lýst hefur verið hér að framan.

#### Virðisaukaskattur:

Virðisaukaskattur er lagður á vörusölu og þjónustu. Almennt skatthlutfall er 21% en vörur sem eru undanþegnar eru mjólk, brauð, ákveðnar tegundir bóka, vísindatímarit og lyf.

Þýtt og endursagt úr European Tax Handbook 2003



# ER TÚ að hefja atvinnurekstur

## - námskeiðin byrja aftur í september

Hjá ríkisskattstjóra eru haldin námskeið

sem eru sérstaklega ætluð fyrir

einstaklinga sem eru að hefja

sjálfstæðan atvinnurekstur.

Námskeiðin hefjast aftur nú í

september eftir hlé yfir sumarmánuðina

Á námskeiðunum er farið yfir hagnýt atriði sem varða skattskil einstaklinga með atvinnurekstur, svo sem skráningarskyldu, launagreiðanda í staðgreiðslu, reiknað endurgjald, rekstrarkostnað, skattframtalið, reglur um tekjuskráningu og reikningaútgáfu. Einnig er fjallað um virðisaukaskatt, útskatt og innskatt, skattskyldu, undanþágur, skattverð o.þ.h. Fyrirkomulag námskeiðanna verður með sama sniði og verið hefur þ.e. námsefninu er skipt í þrjá hluta og stendur hver hluti yfir í 4 kennslustundir.

Fyrsta námskeiðið verður haldið dagana 12.-14. september.

Námskeiðin eru nánar kynnt á vefsíðu ríkisskattstjóra,

**rsk.is** og þar má einnig skrá þátttöku.

**RSK**



rsk.is  
**rsk.is**

Hefur þú kynnt þér vefskil ...

**VEFSKIL**

Á rsk.is er boðið upp á rafræn skil  
á virðisaukaskatti og staðgreiðslu.  
Á vefnum getur þú skilað, greitt og fengið yfirlit  
á einfaldan og öruggan hátt.

Hægt er að skila staðgreiðslu beint úr helstu launakerfum  
og virðisaukaskatti beint úr vefbanka Íslandsbanka.

ÞINN ÁVINNINGUR ER  
**ÞINN ÁVINNINGUR ER**

... engar biðraðir ... engin tímapressa ... minni pappír  
... auðvelt að greiða ... auðvelt að muna ...  
einfaldar bókhaldið ... einföld skil

KYNNTU ÞÉR MÁLIÐ  
**KYNNTU ÞÉR MÁLIÐ**

Allar nánari upplýsingar má fá á [www.rsk.is/einfalt](http://www.rsk.is/einfalt)  
þar er einnig að finna upplýsingar um símaaðstoð.

Þú getur líka hringt í grænt númer, 800-6311.

RAFÆN SKIL - EINFÖLD SKIL  
**RAFÆN SKIL - EINFÖLD SKIL**